

Ársrit 2019



Samband sveitarfélaga
á Austurlandi

Efnisyfirlit

- 3 Ávarp formanns
- 4 Skýrsla stjórnar
- 8 Aðalfundur
- 12 Haustþing
- 30 Heiðursgestur
- 31 Menningarverðlaun
- 32 Ársreikningur

Ársrit SSA 2019, gefið út í maí 2020

Útgefandi: Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Hönnun og umbrot: Ingvi Örn Þorsteinsson og Esther Ösp Gunnarsdóttir

Ritstjórn: Esther Ösp Gunnarsdóttir

Forsíðumynd: Rhombie Sandoval

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39

700 Egilsstaðir

ssa.is

ssa@ssa.is

Ávarp formanns



Einar Már Sigurðarson, formaður SSA

Um margt hefur síðasta starfsár SSA verið athyglisvert. Þetta var fyrsta starfsárið eftir töluverðar breytingar á samþykktum SSA sem um flest hafa tekist mjög vel. Fyrir aðalfundinum liggja tillögur að frekari breytingum, þær byggja að hluta til á reynslu ársins en eru aðallega tilkomnar vegna fækkunar sveitarfélaga. Í samræmi við breytingarnar var fyrsta haustþing SSA haldið dagana 11.-12. október sl. á Borgarfirði eystri.

Á haustþinginu voru helstu málin ný sóknaráætlun landshlutans og sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi. Þá kynnti samgöngu- og sveitastjórnarráðherra nýjar áherslur í samgöngumálum hér eystra. Þær áherslur boða miklar breytingar frá gildandi samgönguáætlun og bæta mjög hlut Austurlands. Segja má að frá haustþingi hafi það verið helsta mál stjórnar að fylgja eftir þessum breytingum. Ef breytingarnar ná fram að ganga tryggja þær Axarveg og jarðgöng á Mið-Austurlandi með Fjarðarheiðargöng í fyrsta áfanga. Nær allir þingmenn kjördæmisins mættu til þingsins. Heiðursgestur var Andrés Skúlason, fyrrverandi stjórnarmaður í SSA og fyrrverandi oddviti Djúpavogshrepps. Menningarverðlaun SSA hlaut Gunnarsstofnun og tók Skúli Björn Gunnarsson,

forstöðumaður stofnunarinnar, við verðlaununum. Að venju var ályktað um öll helstu málefni Austurlands, eins og sjá má á heimasíðu SSA.

Meginhluta starfsárs stjórnarinnar voru fundarhöld með hefðbundnu sniði en seinustu mánuði tóku fjarfundir við og fundum í framkvæmdaráði fjölgaði. Fjarfundirnir hafa reynst vel og munu örugglega halda áfram, um leið og hinum hefðbundnu fundum fækkar. Þá hefur stjórnin heimsótt þrjú sveitarfélög á starfsárinu, þ.e. Borgarfjörð eystri í september, Fljótsdal í desember og Vopnafjörð í janúar. Fundað var með viðkomandi sveitarstjórnnum og stjórn fékk kynningu á ýmsum staðbundnum málefnum. Allar voru þessar heimsóknir vel heppnaðar og fróðlegar.

Mikil áhersla var lögð á að fá gesti á fundi stjórnar og framkvæmdaráðs þar sem farið var yfir málefni sem snúa að landshlutanum. Voru fundirnir mjög upplýsandi fyrir stjórn, framkvæmdaráð og gesti. Þá var fundað óvenju oft með þingmönnum kjördæmisins á starfsárinu og einnig með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúar stjórnar sátu fundi með fjárlaganefnd og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, auk þess sem var fundað með ráðherrum.

Þá hittust formenn og framkvæmdastjórnar landshlutasamtakanna reglulega og fóru yfir sameiginleg hagsmunamál.

Seinustu mánuðir eru búnir að vera um margt óvenjulegir vegna mikilla sviftinga í efnahagslífinu í kjölfar Covid-19. Starfið hefur hefur eðlilega tekið mið af ástandinu og horft hefur verið til margra þátta varðandi verkefni sveitarfélaga, fyrir-tækja og hagsmuna íbúa á Austurlandi. Við þessar aðstæður er ljóst að samþætting áætlana á milli stjórnsýslustiga, samráð og miðlun upplýsinga er grundvöllur þess að tryggja samtakamátt og að viðspyrnan verði sem áhrifaríkust. Áfram er unnið að því að styrkja fjárhagsgrunn verkefna til að tryggja þær breytingar sem að er stefnt.

Samráðsvettvangur sveitarfélaga er mikilvægur þar sem sveitarfélögin eru misjöfn að stærð og gerð og geta sameinuð komið fram sem öflug eining til að fylgja eftir umbótum á ýmsum sviðum. Mikilvægt er að sveitarstjórnarfulltrúar vinni á þessum vettvangi með heildarhagsmuni fjórðungsins að leiðarljósi því þannig tryggjum við öflugan samtakamátt. Austfirðingar hafa verið óhræddir við breytingar og sérstöðu. Það hefur m.a. verið okkar styrkur og megi svo vera áfram.

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur 2019

Á 53. aðalfundi SSA sem haldinn var á Egilsstöðum þann 7. maí voru eftirtalin kosin í stjórn SSA starfsárið 2019-2020:

Aðalmenn:

Einar Már Sigurðarson
Gauti Jóhannesson
Gunnar Jónsson
Hildur Þórisdóttir
Pálína Margeirsdóttir
Sigríður Bragadóttir
Stefán Bogi Sveinsson

Varamenn:

Eydís Ásbjörnsdóttir
Þorbjörg Sandholt
Berglind Svavarsdóttir
Jakob Sigurðsson
Jón Björn Hákonarson
Stefán Grímur Rafnsson
Björg Björnsdóttir

Var um fyrsta aðalfund að ræða að vori eftir að samþykktum var breytt 2018.

Á fyrsta fundi stjórnar var Einar Már Sigurðarson kjörinn formaður, Gunnar Jónsson fyrsti varaformaður og Hildur Þórisdóttir annar varaformaður. Eiga þau því samhlíða sæti í framkvæmdaráði stjórnar SSA. Fundargerðir stjórnar má finna á heimasíðu SSA (ssa.is).

Ein nefnd starfar á vegum SSA milli aðal-funda. Það er nefnd um samgöngumál sem skipuð er fulltrúum allra sveitarfélaganna 7 á Austurlandi. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar á heimasíðu SSA.

Haustþing 2019

Haustþing SSA var í fyrsta skipti haldið eftir að samþykktum var breytt síðla árs 2018. Þingið fór fram 11.-12. október á Borgarfirði eystri og var góð þátttaka á þinginu, bæði þingfulltrúa sveitarfélaga, sem og gesta. Á þinginu var sóknar-áætlun landshlutans 2020-2024 kynnt auk þess sem umfjöllun var um samein-ingar sveitarfélaga. Þá tók samgöngu- og sveitastjórnarráðherra þátt í þinginu ásamt nánast öllum þingmönnum kjördæmisins. Heiðursgestur þingsins var Andrés Skúla-son og Menningarverðlaun SSA hlaut Gunnarsstofnun. Ályktanir haustþings tóku á þeim málum sem fulltrúar á þinginu telja mikilvæg þannig að gott mannlíf geti blómstrað á Austurlandi. Ályktanirnar má finna á heimasíðu SSA.

Fundir stjórnar og framkvæmdaráðs

Á milli aðalfunda, sem telst starfsár stjórnar, voru haldnir alls 13 stjórnarfundir. Auk þess hittist framkvæmdaráð SSA á 19 fundum. Fundirnir voru ýmist haldnir á Egilsstöðum eða Reyðarfirði fyrri hluta tímabilsins en eftir að samkomubann

var sett á snemma árs 2020 voru fundirnir færðir yfir í fjarfundi. Stjórn tók upp á þeirri nýbreyttni að funda á mismunandi stöðum á Austurlandi á milli þess sem fundað var á Egilsstöðum og Reyðarfirði. Fundað var á Borgarfirði eystri í sept-ember, í Fljótsdal í desember og Vopnafirði í janúar. Á öllum þessum stöðum var við-komandi sveitastjórn boðið til fundar við stjórn SSA auk þess sem stjórn fékk kynn-ingu á ýmsum staðbundnum málefnum.

Lögð var áhersla á það á starfsárinu að fá inn á fundi stjórnar gesti þar sem farið hefur verið yfir málefni sem snúa að landshlutanum. Hefur það oltið á tilefninu hverju sinni og verkefnunum hvort gest-irnir hafa komið inn á fundi stjórnar/fram-kvæmdaráðs SSA eða stjórnar Austurbrúar. Meðal þeirra gesta sem komið hafa til fundar má nefna fulltrúa frá Vegagerðinni, Air Iceland Connect, HSA, Skógræktinni, Félagi skógarbænda á Austurlandi, Lands-samtökum skógareigenda, Samfélags-nefnd Fljótsdalshrepps, verkefnastjórn Brothættra byggða, Brimi, Sláturhúsi Vopnafjarðar, Ríkiseignum, Minjastofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Lánasjóði sveitarfélaga. Einnig hefur verið fundað með þingmönnum kjördæmisins nokkrum sinnum á starfsárinu og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá hafa fulltrúar stjórnar mætt til fundar bæði hjá fjárlaganefnd og umhverfis- og samgöngu-

nefnd auk þess sem fundað hefur verið með ráðherrum og þingmönnum bæði á Austurlandi og í Reykjavík.

Breytingar í efnahagslífi landshlutans í tengslum við Covid-19 hafa kallað á meiri fundarhöld og tíðari samskipti en hefðbundið er. Sem viðbragð við stöð-unni hefur t.d. verið komið á vikulegum samráðs- og upplýsingafundi bæjar- og sveitastjóra með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra þar sem farið er yfir það sem efst er á baugi hverju sinni. Þá fundar framkvæmdaráð tíðar en venja hefur verið og skipulega hefur verið kallað eftir samtali við stofnanir ríkisins. Síðari hluti starfsársins hefur því verið um margt óvenjulegur og kallað á breytingar, m.a. aukna áherslu á fjarfundi og skilvirkara samtal við stofnanir í stjórnkerfinu því líkt og fyrri ár snerta verkefni stjórnarinnar flesta þætti samfélagsins í landshlutanum.

Innri starfsemi

Stjórn SSA situr í stjórn Austurbrúar auk tveggja fulltrúa fagráðs Austurbrúar. Umfjöllun um starf Austurbrúar má finna í ársskýrslu stofnunarinnar. Starfsfólk Austurbrúar hefur sinnt daglegum verk-efnum á vegum sambandsins undir forystu framkvæmdastjóra sem forgangsraðar vinnunni í samráði við stjórn SSA og fram-kvæmdaráð. Bókhald SSA er unnið af fjármálasviði Austurbrúar og Skrifstofu-

þjónustu Austurlands auk þess sem endur-skoðunarfyrirtækið KPMG á Austurlandi annast könnun ársreiknings. Starfsemi sambandsins er margþætt og má þar nefna umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi og eftirfylgni með áherslum stjórnvalda til framþróunar á Austurlandi. Þá má einnig nefna vinnu við sóknaráætlun landshlutans, þróun svæðisskipulags og almenningssamgangna, samskipti við önnur landshlutasamtök, samskipti við þingmenn kjördæmisins, starfsmenn Stjórnarráðsins, sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga á starfssvæði SSA og íbúa Austurlands.

Samskipti við þingmenn, Alþingi, ráðuneyti og stofnanir

Samskipti við þingmenn kjördæmisins eru bæði með formlegum og óformlegum hætti. Landshlutasamtökin eru þannig byggð upp að samskipti milli kjörinna full-trúa á Alþingi og stjórnarmanna sambands-ins eru mjög regluleg. Þingmenn halda kjördæmafundum sem skipulagðir eru af SSA. Þar koma til fundar við þingmenn sveitar-stjórnarfólk, framkvæmdastjórar helstu stofnana landshlutans og stjórnarmenn SSA. Margir kjörnir fulltrúar vildu gjarnan að samskipti við þingmenn væru meiri og að þeir gæfu sér lengri tíma á Austurlandi í kjördæmavikunum. Fulltrúar stjórnar hafa á starfsárinu mætt til fundar bæði hjá fjárlaganefnd og umhverfis- og samgöngu-

nefnd auk þess sem fundað hefur verið með ráðherrum og þingmönnum, bæði á Austurlandi og í Reykjavík.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga gengst fyrir fundum og ráðstefnum sem full-trúar SSA sækja eftir því sem við á. Þó eru ákveðnar ráðstefnur sem fulltrúar sambandsins sækja árlega, s.s. fjármálaráð-stefna og landsþing. Aukalandsþing var haldið 6. september þar sem grænbók um málefni sveitarfélaga var til umfjöllunar. Breytingar urðu í tengslum við Covid-19 og var landsþingi, sem vera átti vorið 2020, frestað. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aukið þjónustu sína við sveitarfélögin jafnt og þétt og er hún landshlutasam-tökum mikilvæg. Fundað var í byrjun árs 2020 á Austurlandi um stafræna þróun sveitarfélaga auk þess sem starfsmaður sambandsins kom að framkvæmd vinnu-stofu er tengist áfallaþjónustu á Austur-landi. Starfsmenn sambandsins hafa verið í miklu sambandi við Austurland og mikið af upplýsingum verið miðlað á milli í tengslum við breytt efnahagsumhverfi. Jón Björn Hákonarson, fulltrúi norðausturkjörsvæðis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, kom tvisvar til fundar við stjórn SSA og fór yfir þau málefni sem unnið er að á vett-vangi stjórnar sambandsins.

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Starf landshlutasamtaka sveitarfélaga byggir tilveru sína á ákvæði 97. gr. sveitar-stjórnarlaga nr.138/2011 þar sem segir:

Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta. Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Landshlutasamtök skulu þó aldrei vera fleiri en átta á landinu öllu. Sveitarfélög sem liggja innan starfssvæðis landshlutasam-taka eiga rétt á aðild að þeim. Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasam-taka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega. Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sérlægum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem verkefni tengd byggðaðþróun eða öðrum sameigin-legum hagsmunum sveitarfélaga.

Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra hefur skipað starfshóp sem hefur það hlutverk að meta stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga með það að markmiði að skýra hlutverk þeirra og stöðu gagnvart sveitarfélögum annars vegar og ríkinu hins vegar. Hefur hópurinn fengið upplýsingar frá landshluta-

samtökunum auk þess að fundað var með bæði formönnum og stjórnnum. Vinna starfs-hópsins er enn í gangi.

Samskipti milli starfsmanna landshluta-samtakanna aukast sífellt enda hefur verkefnum sem samtökin koma að fjölgað í gegnum árin. Þar má nefna nýja samninga um sóknaráætlun, framgang verkefna í byggðaáætlun og þróun almennings-samgangna. Funda framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna reglulega og miðla efni. Einnig eiga landshlutasamtökin samstarf um ýmis verkefni sem talin eru gagnast landsbyggðinni í heild.

Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verk-efna í landshlutanum er eitt af viðfangs-efnum landshlutasamtakanna. Fulltrúar SSA hafa lagt ríka áherslu á að við skiptingu fjármagns sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutanna, s.s. hvað varðar fjarlægð og þéttleika byggðar.

Haldnir eru þrír reglulegir fundir ár hvert þar sem farið er yfir mál sem bera hæst í landshlutunum; haustfundur, vorfundur og sumarfundur.



Helstu verkefni SSA á starfsárinu

Samningur um sóknaráætlun

Stjórn SSA vann að framkvæmd samnings um sóknaráætlun 2015-2019 á starfsárinu auk þess sem gerður var nýr samningur sem gildir fyrir tímabilið 2020-2024. Austurbrú, með aðkomu ráðgafa frá Capacent, vann nýja sóknaráætlun fyrir landshlutann og var úthlutað úr Uppbyggingasjóði snemma árs 2020 á grundvelli þeirra áherslna, sem og skilgreind áhersluverkefni fyrir árið. Náð samstarf hefur verið við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Byggðaaætlun

Landshlutasamtökin tengjast ýmsum verkefnum í gegnum byggðaaætlun og hafa umsjón með sumum þeirra. Þar má nefna að eingöngu landshlutasamtök gátu sótt um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða. SSA gerði það og fengu tvö verkefni styrki á árinu 2018 og eitt verkefni fékk árið 2019 úthlutun til þriggja ára. Á árinu 2019 var unnið að byggðaaætlunarverkefnunum Náttúruvernd og efling byggða með aðkomu Náttúrustofa Austurlands auk þess sem Austurbrú vinnur að greiningu á samstarfi safna á grundvelli áherslna í byggðaaætlun.

Svæðisskipulag Austurlands

Eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar er svæðisskipulag Austurlands. Síðla árs 2019 lauk ráðningasamningi við Skarphéðinn Smára Þórhallsson sem sinnt hefur verk-

efninu frá upphafi. Með aðstoð Alta var gert stöðumat á verkefninu, útbúin ný framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið. Fjallaði svæðisskipulagsnefnd og stjórn SSA um áætlunina áður en hún var send inn til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun um fjárhagslega aðkomu. Beðið er svara frá Skipulagsstofnun.

Brothættar byggðir

SSA átti fulltrúa í verkefnisstjórnnum Brot-hættra byggða á starfsárinu sem fjallaði um málefni Borgarfjarðar eystri en verkefnið í Breiðdal hefur formlega lokið sinni þátttöku. Fundað var reglulega í verkefna-stjórninni og situr Stefán Bogi Sveinsson þar sem fulltrúi stjórnar SSA. Verkefnið er leitt af Byggðastofnun en dagleg verkefna-stjórn er í höndum starfsmanns Austur-brúar.

Hallormsstaðaskóli

SSA átti á starfsárinu tvo fulltrúa í stjórn Hallormsstaðaskóla. Í stjórninni sátu Gunnar Jónsson og Jónína Óskarsdóttir. Mikil óvissa hefur verið í tengslum við rekstur skólans og hefur stjórn skólans meðal annars fundað með stofn- og hagaðilum í tengslum við þau mál. Stefnt er að því að ný skólanefnd taki við í byrjun júní.

Samgöngunefnd SSA

Samgöngunefnd hélt fjóra fundi á starfsárinu. Á þeim fundum var farið yfir verkefni sem brýn eru í samgöngumálum í landshlutanum. Nefndin undirbjó álykt-

anir er tengjast samgöngumálum fyrir haustþing 2019 auk þess að fjalla um samantekt um tölfræði er tengist slysum í umferðinni á Austurlandi. Þá fundaði nefndin með Vegagerðinni ásamt framkvæmdaráði SSA.

Almenningssamgöngur á Austurlandi

Skipulag og rekstur almenningssamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssvið SSA. Á árinu 2020 tók Vegagerðin við rekstri almenningssamgangna af landshluta-samtökum utan höfuðborgarsvæðisins nema á Austurlandi. SSA gerða samning vegna ársins 2020 við Vegagerðina og er nú unnið að útfærslu leiðakerfisins og með hvaða hætti er hægt að gera langtíma-samning um þetta verkefni. Austurbrú heldur utan um daglega verkefnastjórn en í stjórn SV-Aust sitja Einar Már Sigurðarson, formaður, Björn Ingimarsson og Karl Óttar Pétursson. SSA stendur enn í málaferlum í tengslum við rekstur almenningssamgangna á Austurlandi og ekki sér enn fyrir endann á þeim málarekstri.

Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

Á aðalfundi 2018 var samþykkt tillaga um að leggja Atvinnuþróunarsjóð Austurlands niður og stjórn falið að ganga frá því að leysa sjóðinn upp og ráðstafa eignum hans. Unnið er að niðurlagningu sjóðsins og verið að ganga frá ýmsum málum sem ljúka ætti á árinu 2020.

Lokaorð

Þetta starfsár er búið að vera um margt óvenjulegt vegna mikilla sviftinga í efnahagslífi heimsins í kjölfar Covid-19. Starfið hefur einkennst af mikilvægum málum sem taka til margra þátta er varða verkefni sveitarfélaga, fyrirtækja og hagsmuna íbúa á Austurlandi. Á svona tímum er ljóst að samþætting áætlana á milli stjórnisýslustiga, samráð og miðlun upplýsinga er gríðarlega mikilvægt atriði til að samtakamátturinn og viðspyrnan verði áhrifaríkari. Áfram er unnið að sterkari fjárhagsgrunni verkefna svo þau geti haft þau áhrif til breytinga sem vonir standa til. Mikilvægi samráðsvettvangs sveitarfélaga er verulegt þar sem þau eru misjöfn að stærð og gerð og geta þar komið fram sem öflug eining til að reka á eftir umbótum á ýmsum sviðum. Mikilvægt er að sveitarstjórnarfulltrúar vinni af heilum hug á samstarfsvettvangnum og horfi til heildarhagsmuna fjórðungsins því þannig verður samtakamátturinn öflugastur.

Ég þakka stjórn SSA, sveitarstjórnarmönnum á Austurland, starfsfólki Austur-brúar, úthlutunarnefnd og fagráðum Uppbyggingarsjóðs, þingmönnum, ráðuneytum og öðru samstarfsfólki gott og gefandi samstarf á liðnu starfsári.

Aðalfundur

53. aðalfundur SSA, Valaskjálfr á Egilsstöðum, 7. maí 2019.



Dagskrá

Kl. 9:30
Afhending á kjörbréfum til kjörbréfanefndar.
Þingskjölum nefnda sem unnu að undirbúningi aðalfundar dreift til fulltrúa.*

- Kl. 10:00
1. Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara
 2. Formaður kjörbréfanefndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar
 3. Skýrsla stjórnar
 4. Kynning ársreikninga
 5. Kynning endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2019
 6. Kynning fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2020
 7. Formaður fjárhagsnefndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar
 8. Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar
 9. Formaður laganeftndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar
 10. Lagabreytingar/Breytingar á samþykktum
 11. Formaður kjörneftndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar
 12. Kosningar
 - Kjör í stjórnir og nefndir
 - Kjör endurskoðenda
 13. Önnur mál

Kl. 12:00 Áætluð fundalok

*Skipaðir voru aðilar í kjörbréfanefnd, fjárhagsneftnd, laganeftnd og kjörneftnd til að starfa að undirbúningi aðalfundar SSA þann 7. maí 2019.

Fundargerð

Dagskrá fundarins lá frammi
(**Þingskjal nr. 1**).

9:30 Skráning og afhending fundargagna.
Fundurinn hófst kl 10:00.

1) **Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara.** Einar Már Sigurðsson, formaður SSA, setti aðalfund kl. 10:00 og bauð fundarmenn og gesti velkomna á 53. aðalfund SSA. Hann minnti í upphafi stuttlega á aðgerðir sem birtast í nýframlagðri fjármálaáætlun ríkisins þar sem áætlaðar eru umfangsmiklar breytingar á framlögum Jöfnunarsjóðs, en þær hafa mikil áhrif á fjárhag einstakra sveitarfélaga. Raunin er þó sú að þær koma mjög mismikið við sveitarfélögin, t.d. eru mestu áhrifin á Borgarfirði eystra á starfssvæði SSA. Með þessu vildi hann minna á að það er mikilvægt að fylgjast stöðugt með aðgerðum ríkisins og bregðast við þegar tilefni er til.

Einar Már fór síðan yfir ráðstafanir stjórnar til að undirbúa aðalfund með skipun kjörbréfanefndar, fjárhagsneftndar, kjörneftndar og laganeftndar, **Þingskjal nr. 2**. Þessi háttur er hafður á þar sem aðalfundur er nú styttri en verið hefur og því minna ráðrúm til nefndavinnu á fundinum sjálfum.

Að því búnu bar hann upp tillögu um fundarstjóra, Hilmar Gunnlaugsson og fundarritara, Stefán Bragason og Helgu Guðmundsdóttur. Það var samþykkt með lófataki. Að því loknu setti Einar Már fundinn og formlega gaf fundarstjóra orðið.

Fundarstjóri tók við, þakkaði traustið og fór yfir lögmæti fundar sem boðaður var með lögmætum hætti. Lögmæti fundar var síðan borið undir fundinn og samþykkt.

Fundarstjóri áréttaði mikilvægi þess að menn gættu að tímamörkum.

2) **Formaður kjörbréfanefndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar.** Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður kjörbréfanefndar, fór yfir kjörbréfin og kynnti fulltrúa sveitarfélaganna. Hún bað menn að standa upp um leið og nöfn þeirra voru lesin. Alls eru fulltrúar 34, **Þingskjal nr. 8**. Með Berglinni í kjörbréfanefnd voru Jón Þórðarson og Rúnar Gunnarsson.

3) **Skýrsla stjórnar.** Fundarstjóri bauð Einari Má Sigurðsyni að kynna skýrslu stjórnar. Einar Már fór yfir helstu atriði í skýrslu stjórnar og dró sérstaklega fram málefni menntunar og rannsóknar. Hann sagði frá háskólaverkefninu sem SSA er orðinn formlegur aðili að og þar með

eiga öll sveitarfélög á svæðinu aðkomu að málinu. Starfshópur skipaður aðilum frá sveitarfélögum hér eystra vinnur að frekara samstarfi við Háskólann á Akureyri með stofnun deildar frá skólanum hér á Austurlandi. Einar Már sagði frá því að Jóney Jónsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, hafi látið af störfum, en Jóna Árný hefur sinnt störfum hennar fram að þessum aðalfundi. Hann benti að lokum á að vettvangur SSA væri mikilvægur og að heildahagsmunir þurfi að ráða för. Einar Már vísaði síðan í prentaða skýrslu í árs-skýrslu, **Þingskjal nr. 3**. Orðið gefið laust en enginn tók til máls.

4) **Kynning ársreikninga.**

5) **Kynning endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar SSA fyrir árið 2019.**

6) **Kynning á fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.** Fundarstjóri bar upp tillögu um að liðir 4, 5 og 6 væru afgreiddir saman og ekki var gerð athugasemd við það. Hann bauð því næst framkvæmdastjóra Austurbrúar, Jónu Árný Þórðardóttur, að kynna reikninga SSA fyrir liðið ár og fjárhagsáætlun 2019 og 2020.

Jóna Árný dró fram meginniðurstöður ársreikningsins, **Þingskjal nr. 3**. Afkoma

síðasta árs var jákvæð. Kynnti hún svo áritun endurskoðenda og skoðunarmanna og nefndi m.a. umfjöllun í könnunaráritun KPMG um að skaðabótarkröfu Sternu á hendur SSA, sem áður hefur verið getið um á aðalfundi. Hún vísaði að öðru leyti til ársreiknings og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og 2020, **Þingskjal nr. 4**.

7) **Formaður fjárhagsneftndar kynnir niðurstöður nefndarinnar.** Guðlaugur Sæbjörnsson, formaður fjárhagsneftndar, kynnti niðurstöður nefndarvinnunnar, **Þingskjal nr. 5**. Með Guðlaugi í nefndinni störfuðu Gunnþórunn Ingólfsdóttir og Magni Þór Harðarson. Nefndin hafði til skoðunar ársreikning SSA 2018, könnunarbréf 2018, fjárhagsáætlun SSA 2019 og 2020, árgjöld sveitarfélaga, endurskoðaða reikninga Minningarsjóðs Ragnhildar Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar og ársreikning Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands. Vakti nefndin athygli á athugasemdum endurskoðenda og skoðunarmanna, t.d. vegna málarekstrar út af almenningssamgöngum. Jafnframt vakti nefndin athygli á athugasemdum frá fundi sl. haust þar sem umræða um endurskoðun fór fram. Guðlaugur benti á að ársreikningur ætti að vera að fullu endurskoðaður við framlagningu og vísaði þeirri á bændigu til stjórnar til úrvinnslu. Fjárhagsneftnd leggur

til að ársreikningur, árgjöld og fjárhags-áætlanir 2019 og 2020 verði samþykktarr.

Fjárhagsnefnd fór yfir laun stjórnar og kostnað við nefndarstörf og bendir meðal annars á tækifæri til að draga úr ferða-kostnaði þar sem það getur átt við með nýtingu fjarfundatækni. Fjárhagsnefnd leggur til að heimilt verði að endurskoða fjáhagsáætlun 2020 á aðalfundi vorið 2020 vegna fyrirsjáanlegra og ófyrirsjáanlegra óvissuþátta, svo sem framlög Jöfnunar-sjóðs.

8) **Afgreiðsla tillagna fjárhagsnefndar.** Björg Björnsdóttir þakkaði góða yfirferð. Hún vísaði í 12. gr. samþykktar SSA um útsendingu fjáhagsáætlunar og reikninga SSA til sveitarstjórnar 10 dögum fyrir aðal-fund og bað um að svo væri gert framvegis. Hún lagði áherslu á að fundurinn samþykkti heimild til endurskoðunar fjáhagsáætlunar 2020 á næsta aðalfundi.

Stefán Bogi Sveinsson vakti máls á atriðum sem varða laun stjórnar, m.a. launakjör formanns og óskaði eftir að fá upplýsingar um hvort fjárhagsnefnd hefði horft til fyrri umræðu um launakjör við ákvörðun sína.

Guðlaugur svaraði fyrir nefndina og sagði nefndina hafa rætt launakjörin en teldi sig ekki hafa umboð til að móta tillögur um breytingar á launakjörum.

Formaður SSA svaraði athugasemdum Bjargar Björnsdóttir og sagði hana fara rétt með varðandi útsendingu ársreiknings og baðst afsökunar á að þarna hefði ekki verið farið eftir samþykktum. Skýringin væri meðal annars að reikningar hefðu ekki verið tilbúnir fyrr en skömmu fyrir fund og jafnfram að nú væri í fyrsta sinn verið að halda aðalfund að vori. Hann kom einnig inná launakjör formanns og taldi að ekki hefði verið tímabært að gera breytingar á þessum tíma og vísaði því til nýrrar stjórnar að fara yfir þessi mál.

Stefán Bogi Sveinsson bar upp eftirfarandi tillögu: 53. aðalfundur SSA samþykkir að fela stjórn að gera tillögu að samræmdum reglum um launakjör formanns og stjórnar SSA, fulltrúa í fastanefndum og fulltrúa í starfs- og vinnuhópum sem skipaðir eru af SSA. Horfa skal til þess að auka starfs-hlutfall formanns, en þó með hliðsjón af fjárhagslegri getu sambandsins. Tillögur stjórnar verði kynntar á haustfundi SSA sem taki ákvörðun um frekari vinnslu málsins.

Ársreikngur SSA 2018 borinn upp og samþykktur samhljóða.

Tillaga að árgjöldum 2020 borin upp og samþykkt samhljóða.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2019 borin upp og samþykkt samhljóða.



Fulltrúar á fundinum.

Fjáhagsáætlun 2020 borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga að heimild til að endurskoða fjárhagsáætlun 2020 á næsta aðalfundi borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga Stefáns Boga Sveinssonar varðandi launakjör stjórnar borin upp og samþykkt samhljóða.

9) **Formaður laganefndar kynnir niðurstöðu nefndarinnar.** Stefán Bogi Sveinsson, formaður laganefndar, kynnti niðurstöður nefndarvinnunar. Ásamt Stefáni Boga störfuðu í nefndinni Eydís Ásbjörnsdóttir og Stefán Grímur Rafnsson. Stefán Bogi vakti máls á að ef til vill færi að verða tímabært að vinna að heildar-

endurskoðun samþykktanna þar sem ýmis konar breytingat hafa verið gerðar á einstökum liðum samþykktana á undan-förnum árum. Hann vakti jafnfram athygli á athugasemdum endurskoðenda, sem hann taldi mikilvægt að tekið væri tillit til í samþykktum.

10) **Lagabreytingar/Breytingar á samþykktum.** Fundarstjóri stýrði afgreiðslu á ályktunum laganefndar og bar breytingar-tillögur upp hverja fyrir sig, *þingskjal nr. 6:*

Breytingar á 5. gr. samþykktar samhjóða.

Breyting á 6. gr. samþykkt með þorra atkvæða án mótatkvæða.

Breyting á 8. gr. samþykkt samhljóða.

Breyting á 10. gr. samþykkt með þorra atkvæða án mótatkvæða.

Samþykktirnar með samþykktum breyting-um bornar upp til samþykktar. Samþykkt með þorra atkvæða án mótatkvæða.

11) **Formaður kjörnefndar kynnir niðurstöður nefndarinnar.** Einar Már fór í upphafi yfir fyrirkomulag stjórnarkjörs og þá ekki síst varðandi svokallaða „flakkara“.

Þorbjörg Sandholt, formaður kjörnefndar, kynnti tillögur nefndarinnar, *þingskjal nr. 7:*

Stjórn SSA (7 aðalmenn og 7 til vara)

Norðursvæði

Aðalmenn: Gunnar Jónsson, Fljótsdalshéraði Hildur Þórisdóttir, Seyðisfirði Sigríður Bragadóttir, Vopnafjarðarhreppi Stefán Bogi Sveinsson (flakkari), Fljótsdals-hérað

Varamenn: Berglind Harpa Svavarsdóttir, Fljótsdals-héraði

Jakob Sigurðsson, Borgarfjarðarhreppi Stefán Grímur Rafnsson, Vopnafjarðar-hreppi Björg Björnsdóttir (flakkari til vara), Fljótsdalshéraði

Suðursvæði

Aðalmenn: Gauti Jóhannesson, Djúpavogshreppi Einar Már Sigurðsson, Fjarðabyggð Pálína Margeirsdóttir, Fjarðabyggð

Varamenn: Þorbjörg Sandholt, Djúpavogshreppi Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð

Skoðunarmenn reikninga (2 aðalmenn og 2 til vara)

Aðalmenn: Gunnlaugur Guðjónsson Ómar Bogason

Til vara: Ólafía Stefánsdóttir Lilja Dögg Björgvinsdóttir

Endurskoðunarfyrirtæki KPMG

Tillaga vegna kosningar aðalmanna í stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands:

Lagt er til að stjórn SSA verði falin stjórn sjóðsins og fylgi eftir frágangi á lokun hans en hann var lagður niður frá og með ára-mótum 2018/2019.

Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga Fjarðabyggð: Anna Margrét Birgisdóttir Til vara: Magni Þór Harðarson

Vopnafjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaup-staður, Djúpvogur: Þorbjörg Sandholt Til vara: Ingibjörg Bára Gunnlaugsdóttir

Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgar-fjarðarhreppur: Helgi Bragason Til vara: Jón Ólafur Sigurðsson

Samgöngunefnd SSA Aðalmenn: Borgarfjörður eystri: Jakob Sigurðsson Djúpvogur: Þorbjörg Sandholt Fjarðabyggð: Eydís Ásbjörnsdóttir Fljótsdalshérað: Anna Alexandersdóttir Fljótsdalshreppur: Lárus Heiðarsson Seyðisfjörður: Elvar Snær Kristjánsson Vopnafjörður: Teitur Helgason

Til vara: Helgi Hlynur Ásgrímsson Kári Valtingojer Jens Garðar Helgason Gunnhildur Ingvarsdóttir Hildur Þórisdóttir Björn Heiðar Sigurbjörnsson

12) **Kosningar.** Fundarstjóri gaf kost á fyrir-spurnum en enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundastjóri bar upp tillögu um fulltrúa SSA.

Samþykkt samhljóða. Fundarstjóri bar upp tillögu um varamenn í stjórn SSA. Samþykkt samhljóða.

Tillaga um skoðunarmönnum reikninga Fundarstjóri bar upp tillögu kjörnefndar og hún var samþykkt samhljóða.

Kjör endurskoðenda Fundarstjóri bar upp tillögu kjörnefndar og hún var samþykkt samhljóða.

Tillaga að fyrirkomulagi varðandi stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands Fundarstjóri bar upp tillögu kjörnefndar og hún var samþykkt samhljóða.

Tillaga um skipan samgöngunefndar SSA Fundarstjóri bar upp tillögu kjörnefndar og hún var samþykkt samhljóða.

13) **Önnur mál.** Eftirfarandi tillaga borin upp: 53. aðalfundur SSA haldinn á Egils-stöðum 7. maí 2019 samþykkir að fresta veitingu menningarverðlauna SSA til haust-fundar 2019. Samþykkt samhljóða.

Orðið gefið laust en enginn kvaddi sér hljóðs.

Formaður tók að lokum til máls og þakkaði gott hljóð og markvissa umræðu og sleit að lokum fundi kl. 11:45 og kallaði fulltrúa til myndatöku.

Haustþing

Fjarðarborg, Borgarfirði eystri, 11.-12. október 2019.

Dagskrá

Föstudagurinn 11. október

- 10:00-10:30 Skráning og afhending fundargagna
- 10:30-11:00 Setning haustþings, skipun fundarstjóra og ritara Ávarp formanns SSA Tillögur og ályktanir lagðar fram og vísað til nefnda
- 11:00-11:20 Sóknaráætlun Austurlands Signý Ormarsdóttir og Tinna Halldórsdóttir
- 11:20-11:50 Umræður og fyrirspurnir um Sóknaráætlunina
- 11:50-12:00 Kjörbréfanefnd og nefndanefnd skila sínu álit
- 12:00-13:00 Hádegisverður
- 13:00-15:00 Nefndastörf
- 15:00-15:15 Kaffihlé
- 15:15-16:00 Efling sveitarstjórnarstigsins
- 15:15-15:35 Almenn kynning á þróun vinnu við sameiningar Róbert Ragnarsson, ráðgjafi hjá RR ráðgjöf ehf.
- 15:35-15:45 Reynslan af sameiningu Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps
- Jón Björn Hákonarson, formaður sameiningarnefndar
- 15:45-16:00 Undirbúningur sameiningar fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi Björn Ingimarsson, formaður sameiningarnefndar
- 16:00-17:00 Ávörp
- 16:00-16:20 Kristján Þór Júlíusson, 1. þingmaður kjördæmisins og sjávarútogs- og landb.ráðherra
- 16:20-16:40 Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- 16:40-17:00 Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 17:00-23:30 Dagskrá heimamanna: Hátíðarkvöldverður, ávarp heiðursgests og afhending menningar-verðlauna SSA



laugardagurinn 12. október

- 09:00-10:00 Nefndastörf - frágangur
- 10:00-12:00 Afgreiðsla mála Nefndaálit og tillögur: Byggða- og atvinnumálanefnd Allsherjar - og samstarfsnefnd Mennta- og menningarmálanefnd Umhverfis- og samgöngunefnd
- 12:00 Fundi slitið - Myndataka og hádegisverður

Fundargerð

11. október

Dagskrá fundarins lá frammi, **þingskjal 1**.

10:00-10:30 Skráning og afhending fundargagna.

10:30-11:00 Setning haustþings, skipun fundarstjóra og ritara.

Einar Már Sigurðarson, formaður SSA, setti haustþingið kl. 10:30 og bauð fulltrúa, þingmenn og aðra gesti velkomna á þetta fyrsta haustþing SSA. Síðan fór hann í stuttu máli yfir skipulag dagsins og þær sögulegu breytingar sem nú hafa orðið á starfsháttum með þessu fyrsta haustþingi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Þá bar formaður upp tillögu um þingforseta, Eyðísi Ásbjörnsdóttur og Björn Ingimarsson og þingritara Kristjönu Björnsdóttur og Eyþór Stefánsson og var hún samþykkt með lófataki. Að því búnu afhenti Einar Már þingforsetum stjórn og ritara tóku til starfa.

Þingforsetar tóku við og þökkðu traust. Fóru yfir dagskrána í stuttu máli og áréttuðu mikilvægi þess að virða tímamörk. Þingforseti, bar fram tillögu um fulltrúa í kjörbréfanefnd sem Gunnþórunn Ingólfsdóttir stýrði og nefndanefnd sem Hildur Þórisdóttir stýrði, **þingskjal 2**. Samþykkt með lófataki.

Þá flutti formaður SSA ávarp til þingsins.

Í upphafi máls gat hann um þær afgerandi breytingar sem nú hafa orðið á starfsháttum sambandsins og markast upphaf þeirra af þessu haustþingi. Breytingarnar eru þær að nú verður aðalfundur að vori en þing að hausti og væntir hann þess að starf sambandsins verði öflugra og skilvirkara. Hann gat þess að stjórninni hefði verið falið að yfirfara samþykktir SSA en í ljósi mögulegrar sameiningar fjögurra sveitarfélaga var ákveðið að leggja ekki í þá vinnu að svo stöddu. Einnig gat hann um að stjórn hefði verið falið að endurskoða reglur um launakjör hjá SSA, tillaga um áframhald þeirrar vinnu verður lögð fram og vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar (**skráist með þingskjali 4**).

Í máli sínu dró Einar Már skýrt fram sérstöðu SSA og þá sameiginlegu hagsmuni sveitarfélaganna sem kristallast m.a. í starfi Austurbrúar. Þá færði hann heimamönnum á Borgarfirði sem og starfsfólki Austurbrúar þakkir fyrir góðan og vandaðan undirbúning þessa fyrsta haustþings SSA. Hann ræddi þá sameiningarvinnu sem nú er í gangi hjá 4 sveitarfélögum af þeim 7 sem mynda SSA í dag, ef hið nýja sveitarfélag verður að veruleika verða innan tíðar fjögur sveitarfélög sem mynda sambandið og velti upp þeirri spurningu, af hverju ekki bara 1 eða 2? Formaður kvað það kurteisi við kjósendur að láta slíkar hugrenningar liggja milli hluta en draumur hans er þó 1 sveitarfélag á Austurlandi.

Þá nefndi Einar Már almenningssamgöngur en úrlausn á borð við Strætisvagna Austur-

lands þekkist ekki hjá hinum fjórðungs-samböndunum.

Einar Már lýsti ánægju með sóknaráætlun og vinnuna við hana og fagnaði hversu góð þátttakan hefur verið. Sagði þó vonbrigði að ríkisvaldið hafi ekki stigið meira inn með fjármagni og auknum verkefnum því skriffinnska og vinna er sú sama þó verkefnum fjölgi. Saknaði hann aðkomu ráðuneyta umhverfis og iðnaðar við gerð Sóknaráætlunar Austurlands.

Kynning á nýrri sóknaráætlun stendur yfir og verður kynnt ítarlega hér á eftir. Þá kom hann inn á, að þó efling sveitarstjórnarstigsins tengist sameiningum, snýr hún einnig að byggðamálum og dreifingu opinberra starfa. Efling sveitarstjórnarstigsins er verkfæri sem nýta má til að snúa við íbúaþróun í landinu og þannig efla landsbyggðina. Þá nefndi hann málefni aldraðra og framhaldsskóla, taldi hann að með eflingu sveitarstjórnarstigsins væri sjálfsagt að þeir málaflokkar yrðu á forræði sveitarfélaga.

Þá benti hann á að styrkja þurfi lög og reglur sem snúa að landshlutasamtökum. Samgönguáætlun: Einar Már drap á fyrri vonbrigði, harðorða ályktun sem gerð var af því tilefni og átakafundi með ráðherra. Eftir þann fund var, þrátt fyrir fögur orð, framkvæmdir við Lagarfljótsbrú færðar aftur í samgönguáætlun. Formaður lýsti yfir ánægju með framkvæmdir í Njarðvíkurskriðum en áréttaði jafnframt þörfina á að ljúka við allan Borgarfjarðarveg.

Flýta þarf gerð heilsársvegar um Öxi og Farðarheiðargangna. Hann lýsti yfir ánægju með að stjórnvöld ætli að spýta í lófana í samgöngumálum en óskaði eftir drýgri þætti Austurlands í endurskoðaðri áætlun. Þá nefndi hann eflingu Egilsstaðaflugvallar og fagnaði „skosku leiðinni“.

Hvað varðar almenningssamgöngur vonast hann til þess að ná megi þriggja ára samningi við Vegagerðina og Alcoa og tryggja þannig áframhaldandi starfssemi Strætisvagna Austurlands en núgildandi samningur rennur út um áramót. Nauðsyn þess að tengja saman byggðakjarna með öruggum almenningssamgöngum er ljós.

Nú er beðið fundar með fulltrúum úr menntamálaráðuneytinu um opnun útibús frá Háskólanum á Akureyri á Austurlandi. Fjármagn þarf að tryggja og að því fengnu ætti annar undirbúningur ekki að þurfa að taka langan tíma.

Varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga gat Einar Már um aðför að jöfnunarsjóði sem náðist að stöðva og nýlegar hugmyndir um urðunarskatt án nokkurs samráðs.

Þingforseti þakkaði formanni og bauð honum að koma og kynna ályktanir frá stjórn sem vísað er til nefnda. Formaður kynnti tillögur stjórnar að ályktunum um byggða - og atvinnumál (**þingskjal 3**), allsherjar- og samstarfsmál (**þingskjal 4**), mennta- og menningarmál (**þingskjal 5**) og umhverfis og samgöngumál (**þingskjal 6**).



María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri Austurbrúar.

Vísun framangreindra tillagna til viðkomandi nefnda var samþykkt með handauppréttingu.

Næst bauð þingforseti Helga Hlyni Ásgrímssyni fulltrúa gestgjafa að kynna dagskrá kvöldsins. Helgi sagði hana hefjast kl. 17:00 með óvissuferð. Þar af leiðandi væri ekki frá miklu að segja því framhaldið væri líka leyndarmál. Þó gat hann þess að landsleikur í knattspyrnu yrði sýndur um kvöldið. Svo verða á palli hagyrðingar og Jón Arngríms. Sem sagt ekkert óvænt við það, menn skulu mæta til kvöldverðar í Fjarðarborg kl: 20:00.

11:00-11:10 Úrbótaganga
María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri Austurbrúar, kynnti verkefnið úrbótaganga sem er eitt af áhersluverkefnum tengt áfanga- staðnum Austurlandi.

Búið er þróa glænýja heimasíðu sem er verkfæri til að auðvelda almenningi að hafa áhrif til úrbóta í nærumhverfi og á svæðinu öllu. Úrbótganga felst í því að íbúar geta kanna umhverfið og komið upplýsingum á framfæri með auðveldum og skilvirkum hætti. Hún sýndi á myndrænan hátt dæmi um hvernig og hversu auðvelt er að nota síðuna. Þá sagði hún frá og sýndi dæmi um ábendingar sem þegar hafa skilað árangri.

11:10-11:35 Sóknaráætlun Austurlands
Signý Ormarsdóttir og Tinna Halldórsdóttir verkefnastjórar hjá Austurbrú kynntu drög að sóknaráætlun Austurlands. Signý hóf kynninguna og benti á að um drög væri að ræða og óskaði eftir málefnalegum ábendingum. Áætlunin gildir 2020 til 2024 en sambærilegt plagg fyrir tímabilið 2015 til 2019 rennur nú sitt skeið, verið er að ganga frá nýjum samningi milli ríkisins og SSA.

Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024 er þróunaráætlun landshlutans og felur í sér stöðumat hans, framtíðarsýn, markmið og aðgerðaáætlun til að ná settum markmiðum. Forgangsroðun verkefna skal byggð á sóknaráætlun landshlutans og er gerð til fimm ára en hægt að uppfæra hana á tímabilinu. Lykilhugtök í sóknaráætlun

Austurland eru: samfélag, menningarmál, atvinna og nýsköpun og tekið er mið af heimsmarkmiðum Sameinuðubjóðanna. Heimsmarkmiðin sautján eru órjúfanleg og fela í sér fimm megin þemu: mannkyn, jörð, hagsæld, frið og samstarf. Aðeins eitt sveitarfélag innan SSA er að vinna með heimsmarkmiðin enn sem komið er. Tinna fór yfir stöðugreininguna og þau markmið sem valin voru eftir þá íbúa- og samráðsfundi sem haldnir hafa verið. Hún sýndi á myndrænan átt íbúaþróun og aldurssamsetningu á Austurlandi. 600 fleiri karlar en konur búa nú á svæðinu og veruleg fjölgun er á innflytjendum einkum frá Póllandi. Eldri borgurum fer hlutfallslega fjölgandi á Austurlandi sem annarstaðar en mest áberandi á fámennari svæðum. Hlutfall háskólamenntaðra er lægra á Austurlandi en annars staðar á landinu. Hjá innflytjendum er menntunarstig hær- ra en meðaltal á Austurlandi. Ungt fólk hefur aukin áhuga á að búa í dreifbýli. Austurland kom vel út úr könnun á menningarþátttöku. Tinna benti á að auka þurfi hlutdeild Austurlands í RANNÍS sjóðum.

Að lokinni kynningu var orðið gefið laust fyrir umræður og fyrirspurnir. Stefán Bogi upplýsti að á Fljótsdalshéraði væri nú unnið að stefnumótun og þar yrðu heims- markmiðin tekin inn. Hann fagnaði því að ekki væri eingöngu einblínt á nýsköpun í drögum að sóknaráætlun heldur væri þar einnig fjallað um þá starfsemi sem fyrir væri á svæðinu og gengi vel. Aðalheiður Borgþórsdóttir spurði hver og hvernig eigi



Tinna Halldórsdóttir og Signý Ormarsdóttir, verkefnastjórar hjá Austurbrú.

að koma þessu í framkvæmd? Signý svaraði því að ábyrgðin væri SSA og sveitarfélag- anna og lagði áherslu á sóknaráætlanir væru verkfæri sem menn ættu að nýta sér. Þá ítrekaði Signý að hún vildi fá athuga- semdir við plaggið sem enn er í vinnslu.

Forseti þakkaði fyrir kynningarnar og bauð formönnum kjörbréfa- og nefndanefnda að skila sínu áliti.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir, formaður kjör- bréfanefndar fór yfir kjörbréfin og kynnti fulltrúa. Hún bað menn að gefa merki þegar nöfn þeirra yrðu lesin. Alls eru full- trúar 36 (**þingskjal 7**).

Fjarðabyggð (15)

Jón Björn Hákonarson
Pálína Margeirsdóttir
Jón Kristinn Arngrímsson
Elva Bára Indriðadóttir
Eydís Ásbjörnsdóttir
Sigurður Ólafsson
Hjördís Seljan Þóroddsdóttir
Einar Már Sigurðarson
Birta Sæmundsdóttir
Magni Þór Harðarson
Dýrunn Oála Skaftadóttir
Ragnar Sigurðsson
Heymir Gylfason
Karl Óttar Pétursson
Rúnar Már Gunnarsson

Fljótsdalshreppur (1)

Gunnþórunn Ingólfsdóttir

Seyðisfjarðarkaupsstaður (3)

Hildur Þórisdóttir
Rúnar Már Gunnarsson
Skúli Vignisson

Djúpavogshreppur (2)

Gauti Jóhannesson
Þorbjörg Sandholt

Fljótsdalshérað (11)

Sigurður Gunnarsson
Sigrún Hólm Þorleifsdóttir
Berglind Harpa Svavarsdóttir
Stefán Bogi Sveinsson
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Aðalsteinn Ásmundarson
Kristjana Sigurðardóttir

Björg Björnsdóttir
Hannes Karl Hilmarsson
Björn Ingimarsson
Guðlaugur Sæbjörnsson/Óðinn Gunnar Óðinsson

Vopnafjarðarhreppur (3)

Sigríður Bragadóttir
Stefán Grímur Rafnsson
Sigríður Elva Konráðsdóttir

Þingið telst því fullmannað. Guðlaugur Sæbjörnsson sat þingið fyrir hönd Fljóts- dalshéraðs á föstudag en Óðinn Gunnar Óðinsson tók sæti hans á laugardag.

Hildur Þórisdóttir kynnti niðurstöðu úr vinnu nefndanefndar. Hún tilgreindi jafnframt hvar hver nefnd muni starfa (**þingskjal 8**).

Niðurstaða nefndanefndar 11.10.2019

Byggða- og atvinnumálanefnd

– salurinn í Fjarðaborg
Pálína Margeirsdóttir, formaður
Björg Björnsdóttir
Sigrún Hólm Þorleifsdótti
Guðlaugur Sæbjörnsson
Hildur Þórisdóttir
Gunnþórunn Ingólfsdóttir
Hjördís Helga Seljan
Stefán Grímur Rafnsson
Bergþóra Birgisdóttir, áheyrnarfulltrúi
Karl Óttar Pétursson, áheyrnarfulltrúi
Jakob Sigurðsson
Samtals 11

Allsherjar- og samstarfsnefnd

– skólastofa í grunnskólanum
Gauti Jóhannesson, formaður
Berglind Harpa Svavarsdóttir
Kristjana Sigurðardóttir
Rúnar Gunnarsson
Jón Kristinn Arngrímsson
Sigurður Ólafsson
Ragnar Sigurðsson
Þór Steinarsson, áheyrnarfulltrúi
Samtals 8

Mennta- og menningarmálanefnd

– skólastofa í grunnskólanum
Sigríður Bragadóttir, formaður
Jón Þórðarson, áheyrnarfulltrúi
Sigurður Gunnarsson
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Aðalheiður Borgþórsdóttir, áheyrnarfulltrúi



Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir og Sigríður Bragadóttir, fulltrúar Vopnafjarðar á haustþinginu.

Dýrunn Pála Skaftadóttir
Magni Þór Harðarson
Birta Sæmundsdóttir
Elva Bára Indriðadóttir
Samtals 9

Umhverfis- og samgöngunefnd

– skólastofa í grunnskólanum
Stefán Bogi Sveinsson, formaður
Hannes Karl Hilmarsson
Aðalsteinn Ásmundarson
Skúli Vignisson
Sigríður Konráðsdóttir
Heimir Gylfason
Rúnar Már Gunnarsson
Jón Björn Hákonarson
Þorbjörg Sandholt
Samtals 9

Þingforseti tilkynnir hlé á fundinum á meðan hádegisverðar er neytt. Hádegisverður er borinn fram á Hótel Blábjörgum.

Munu nefndastörf hefjast stundvíslega kl. 13:00 á þeim stað sem formaður nefndarnefndar tilkynnti við sína yfirferð.

Þingforseti setti fundinn aftur kl. 15:15 að loknu kaffihléi og bauð fundarmenn velkomna aftur eftir nefndarstarfið.

15:15-16:00 Efling sveitarstjórnarstigsins

15:15-15:35 Almenn kynning á þróun vinnu við sameiningar. Róbert Ragnarsson, ráðgjafi hjá RR ráðgjöf ehf.

Róbert sagði stuttlega frá íbúafundum vegna sameiningarvinnu sem nú er að ljúka á Austurlandi en snéri síðan máli sínu að sameiningum almennt.

Hvers vegna fara sveitarfélög í sameiningarviðræður? Samstarf, sameiginlegir hagsmunir markmiðið er einkum að efla þjónustu og hagræði í rekstri. Hvernig er tímalínan? Hvernig er ferlið? Í stuttu máli skiptist ferlið í: Ákvörðun, undirbúning, kynningu, kosningar, innleiðingu og gildistöku. Ákvörðun: Skipuð samstarfsnefnd með a.m.k. 2 fulltrúa hvers sveitarfélags. Nefndin er óháð. Ferlið hefst á því að sveitarstjórnir ákveða að kjósa um þetta.

Undirbúningur: Lagaramminn sem nefndirnar starfa eftir er víður. Vinnan byggir nú

orðið yfirleitt á fyrri reynslu en mikið er til af gögnum um sameiningar. Nefndin hefur talsvert mikið frelsi. Framkvæmt er stöðumat og gerð áætlun um hvernig sameiginlegt sveitarfélag muni líta út. Jöfnunarsjóður ber kostnað vegna sameininga annan en vinnuframlag.

Kynning: Skal fara fram með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Niðurstöður kynntar á íbúafundum og með rafrænu og prentuðu kynningarefni.

Kosningar: Á sama grunni og sveitarstjórnarkosningar. Niðurstaða á hverjum stað er bindandi og þurfa 2/3 hluti sveitarfélaga að samþykkja sem og 2/3 hluti allra íbúa tilvonandi sveitarfélags. Innleiðing breytinga: Skipuð undirbúningsstjórn. Sú stjórn stofnar í raun nýtt sveitarfélag. Hún semur samþykktir og velur nafn. Þá þarf heimild ráðherra til að auglýsa samþykktir og ráðherra metur hvort þær séu fullnægjandi. Þá er boðað til kosninga. Það má bíða fram á næstu reglulegu kosningar eða láta kjósa fyrr.

Gildistaka: Á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar verður sveitarfélagið til. Sveitarstjórnir geta breytt tillögum samstarfsnefndar. Þó er líklegt að sömu aðilar haldi áfram starfi svo ólíklegt er að kúendingar verði. Þá minnst Róbert á tilraunaákvæði í sveitarstjórnarlögum og hugmyndir um heimastjórnir sem unnar voru út frá því.

15:35- 15:45 Reynsla af sameiningu Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps. Jón Björn Hákonarson, formaður sameiningarnefndar.

Jón Björn sagði reynsluna góða en þó ekki án þyrna. Jón Björn hóf yfirferð sína með því að fara yfir forsögu sameininga í Fjarðabyggð en þar er mikil reynsla af sameiningum. Árið 1986 var fyrsta sameiningin þegar Eskifjörður og Helgustaðahreppur sameinuðust. Þar á eftir bættist Norðfjörður við. Fyrsta stóra sameiningin var síðan 1998 þvert yfir landfræðilegar hindranir og var það mikil áskorun. Þar voru skýr markmið og var barist fyrir því að fá aðila á svæðið með iðnað. Sum markmið voru óraunhæf og umræðan var mikil og hörð sem var gott til að skýra línurnar. Árið 2006 sameinuðust svo Fjarðabyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Austurbyggð og Mjóafjarðarhreppur.

Mikið tekið út úr þeirri sameiningu og margt sem menn lærðu um það hvað betur hefði mátt fara. Það var ljóst að mikil innviðauppygging þurfti að eiga sér stað. Vék Jón Björn svo máli sínu að nýlegri sameiningu Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar og lýsti aððáun sinni á fráfaraudi sveitarstjórn í Breiðdal fyrir elju. Þar þurfti að fjármagna innviðauppyggingu. Tillögur þar að lútandi voru kynntar heimamönnum. Breiðdælingar hafa kvartað um fjarlægð í þjónustu og sagði Jón Björn að áskoranir væru í að koma á rafrænni stjórnsýslu til að bæta þar úr.



Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Strax var tekin umræða um grunnskólann, sem er hjarta hvers sveitarfélags sem ekki má taka í burtu. Milli Stöðvafjarðar og Breiðdalsvíkur hefur komist á gott samstarf um skóla, 2 og 2 dagar til skiptis. Sú reynsla sem var til staðar hjá Fjarðabyggð skilaði betri vinnu og betri niðurstöðu. Stofnuð voru íbúasamtök Breiðdælinga og eru þau málsvari þeirra. Gjaldskrár voru í flestu sambærilegar. Nafnið var klárt og bæjarmerkið. Innleiðingin gekk því auðveldar fyrir sig en árið 2006. Heilt yfir hafa komið fram áskoranir, sumir eru afskekktir og það þarf að forgangsraða. Aðeins örlar á gamalgrónum hrepparíg sem börn og ungmenni skilja ekki

en þau hafa vanist því að tilheyra heildinni ekki síst í gegnum íþróttastarf. Menn sjá kostina við að tilheyra stærri einingu, með meiri slagkrafti og framkvæmdum sem ekki hefðu orðið ef sveitarfélögin hefðu staðið ein og sér. Menn sjá kosti við að tilheyra stærra samfélagi þó menn kýti um gangstéttir hér og hvar. Varðandi nafngiftina Fjarðabyggð tókst vel til þó sumir hefðu viljað búa í Austurríki.

15:45-16:00 Undirbúningur sameiningar fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi. Björn Ingimarsson, formaður sameiningarnefndar.



Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshálsa.

Erindi Björns fjallar um sameiningarferlið sem staðið hefur í 2 ár. Sex sveitarfélög (þau fjögur sem nú hafa verið í sameiningarferli ásamt Vopnafirði og Fljótshálsa) hafa verið með samstarf um marga málaflokka t.d. brunavarnir, félagsþjónustu og fleira.

Í upphafi ferlisins var boðað til fundar þar sem menn fóru yfir samstarfið, þar var varpað fram hugmynd um sameiningu og velt upp helstu kostum og göllum. Það sem helst var talið neikvætt var að stjórnsýslan myndi trúlega þjappast á einn stað. Gerðar voru íbúakannanir á þessum stöðum um viðhorf til sameininga. Vopnfirðingum og Fljótshálsingum hugnaðis hún ekki og því ekki með í þeirri sameiningu sem kosið verður um 26. október n.k. Skipaðir voru þrír fulltrúar frá hverju sveitarfélagi í samstarfsnefnd sem vinna skyldu að formlegum undirbúningi sameiningar fjögurra sveitarfélaga. RR ráðgjöf var valin til að hafa umsjón og verkstjórn með vinnunni. Styrkur fékkst frá jöfnunarsjóð til fjármögnunar verkefnisins. Hópurinn setti sér það markmið að kosið yrði fyrir árslok 2019 sem varð niðurstaðan.

Sex starfshópar voru settir á laggirnar og skiluðu þeir af sér í lok febrúar. Þá hélt samstarfsnefndin áfram vinnu á grundvelli þeirra niðurstaðna sem starfshóparnir skiluðu. Næst voru haldnir íbúafundir sem voru vel sóttir og var Björn ánægður með jákvæðni sem ríkti á þeim fundum. Samstarfsnefndin skilaði síðan endanlegum

hugmyndum í júní og voru þær kynntar fyrir sveitarstjórnnum. Að lokinni umfjöllun þeirra var samstarfsnefnd falið að kynna niðurstöður á fundum með íbúum. Það var gert m.a. með annarri röð íbúafunda. Þeir íbúafundir voru sendir út í beinni útsendingu og hægt var að senda fyrirspurnir inn rafrænt. Fyrir vikið kom óhemju magn spurninga. Fólki með efasemdir var hvatt til að mæta með sínar vangaveltur og þar af leiðandi varð umræðan mjög góð.

Niðurstaðan var að meginþungi var settur á samgönguurbætur og heimastjórnir sem tryggja eiga áhrif smærri kjarna og munu þær hafa ákvörðunarvald í staðbundnum málum og takmarkað skipulagsvald. Í skipuriti er gert ráð fyrir færri en öflugri nefndum og munu fundir verða tíðari en nú er sem leiðir til hraðari og markvissari afgreiðslu mála. Efla á rafrænan þátt stjórnskipulagsins. Afgreiðsla verður á hverjum stað svo menn geti skammað og hælt. Björn fór svo yfir fjárhagsáætlun fyrir mögulegt nýtt sveitarfélag sem byggði á ársreikningum sveitarfélaganna fjögurra frá 2018. Farið var yfir fjárfestingar og viðhaldsþörf og skoðað hvað helst vantaði í nógildandi fjárhagsáætlanir. Unnin var ný fjárfestingaráætlun til 10 ára fyrir sameinað sveitarfélag. Þar var reynt að uppfylla allar þær kröfur sem komu fram.

Björn lýsti óánægju með að tillögur um greiðslur frá jöfnunarsjóði miðast aðeins við A-hluta en ekki við samstæðureikning nýja sveitarfélagsins.

Ákveðið var að kjósa til sveitarstjórnar eftir sameiningu, svo menn væru ekki í „frígír“ í tvö ár, þó svo að það kjörtímabil verði stutt. Í lokin fór hann með vísu og sýndi kynningarmyndband um sameininguna.

16:00-17:00 Ávörp Kristján Þór Júlíusson, 1. þingmaður kjördæmisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Ráðherra hóf mál sitt á að bera samkomunni kveðjur þeirra þingmanna kjördæmisins sem ekki áttu þess kost að vera hér í dag og gat þess einnig að honum þætti gott að koma til Borgarfjarðar. Kvaðst hann vera búinn að ferðast um kjördæmið og heyra frá fólki hvað helst þarfnist úrbóta. Þá sagði hann þennan fund góðan vettvang fyrir þingmenn að mæta á og fá beint í æð hvað brennur helst á mönnum hér í fjórðungnum. Hann sagði erfitt fyrir landsbyggðarþingmenn að rækta sambandið við fólkið í kjördæminu þar sem vegalengdir eru miklar og ferðalög því tímafrek. Heimsóknir eru því ekki eins tíðar og menn gjarna vildu og því væri þingmönnum hollt að sækja samkundur sem þessa. Hann sagði kjördæmavikuna hafa verið góða, aðalmálið væru úrbætur í samgöngum ásamt sameiningu sveitarfélaga.

Lýsti hann yfir ánægju með tilvonandi sameiningu og þeirri skoðun sinni að stærri og öflugri sveitarfélög næðu meiri árangri. Hann nefndi að grunnurinn að eflingu landsbyggðarinnar væri menntun og aukid

aðgengi að styrkjum til rannsókna og nýsköpunar. Sem betur fer hefur framlag til þess síðarnefnda verið aukið og enn er verið að bæta í. Hann sagði menn gera sér illa grein fyrir hversu miklir fjármunir fara í þau mál. Þeir fjármunir sem settir eru í rannsóknir og nýsköpun skiptast mjög ójafnt milli landshluta en 95% þessa fjármagns fer á Reykjavíkursvæðið. Til Austurlands fer ekki króna úr rannsóknarsjóði. Margföldunarhrif slíkra styrkja eru gríðarleg og myndu hjálpa menntuðu fólki að setjast að í fjórðungnum. Hann lýsti yfir að landsbyggðin þarf að fá betra aðgengi að þessum sjóðum. Kristján sagði það áberandi hvað háskólasamfélög dragi til sín en háskólasetrin sækji ekki að neinu gagni í þessa sjóði. Þetta er eitt alstærsta málið, vöxturinn í samfélaginu liggur á þessu sviði þ.e. í rannsókn og nýsköpun.

Sagðist hann leyfa sér að fullyrða að þingmenn kjördæmisins munu standa með sínu kjördæmi þegar kemur að þessum málum. Til að breyta þessu þurfi meiri og öflugri samstöðu en bara þá sem væntanleg sameining mun leiða af sér.

16:20-16:40 Sigurður Ingi Jóhannsson Samgöngu- og sveitastjórnaráðherra. Í upphafi máls síns þakkaði ráðherra boðið og kvaðst hann lengi hafa hlakkað til að koma hingað. Hollt væri að koma saman og skiptast á skoðunum og gott fyrir samgönguráðherra að koma og keyra á nýjum vegi. Hann sagði Austfirðinga hafa sýnt frumkvæði í samstöðu sveitafélaga,

fyrstu landshlutasamtök landsins voru stofnuð á Austurlandi 1966 og þeir voru fyrstir að setja sínar stofnanir undir einn hatt þegar Austurbrú tók til starfa. Þetta samstarf hefur vakið athygli og er í raun nýsköpun í opinberri stjórnsýslu og með vísan í heimastjórnir munu Austfirðingar aftur koma að nýsköpun í stjórnskipan á sveitarstjórnarstiginu. Sem dæmi um samtakamátt nefndi hann m.a. álver Alcoa í Fjarðabyggð.

Mest er byggt á suðvesturhorninu og áhyggjuefni að önnur landsvæði dragist aftur úr. Austurland hefur staðið sig vel í skapandi greinum og ferðapjónustu og þar sem og í öðru skipta sveitarfélögin máli, sveitarstjórnarfólk er valið til að þróa og efla samfélög.

Stoðir menningar og ferðapjónustu í landshlutum hafa styrkst, sóknaráætlun 2014 til 2019 gekk vel og er tæki sem ber að nota við áframhaldandi eflingu Austurlands. Austfirðingar eru komnir langt í vinnu við nýja sóknaráætlun 2020 til 2024 sem nýtast skal landshlutanum til eflingar á ýmsan hátt.

Þá kom Sigurður inn á að verkefni sveitarstjórna eru mikil og stundum of mikil, því fyrir kemur að of þunnt er smurt, en aukin samvinna og samstaða mun auka slagkraft.

Þá ræddi ráðherra byggðaáætlun og sagði að í byggðamálum bæru allir ábyrgð.

Næstu áform eru um lagningu þriggja fasa rafmagns. Þá minntist hann á aukna fjárveitingu til félags- og heilbrigðismála til landsbyggðarinnar þar sem sérstök áhersla var lögð á að auka fjarheilbrigðisþjónustu og tryggja aðgang að sérfræðipjónustu.

Þó vel hafi gengið í ferðapjónustu og nýsköpun þá koma góðu árin og fara. Ýmsar blikur eru á lofti í efnahagsmálum. Ríki og sveitarfélög þurfa að geta mætt áföllum og stutt samfélagið og miðar fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar að því að milda áhrif minnkandi ferðamanna og loðnubrests og því verður dregið úr rekstrarafgangi ríkisins með það að markmiði að viðhalda innviðauppgyggingu og þjónustu. Hlutfallsleg útgjaldaaukning er mest í samgöngu- og fjarskipta málum.

Sigurður lauk máli sínu á að tilkynna um aukinn hlut Austurlands í nýrri samgöngu-áætlun. Í jarðgangnaáætlun er gert ráð fyrir að alltaf verði í gangi vinna við a.m.k ein jarðgöng. Fjarðarheiðargöng hafa verið sett í forgang og gert er ráð fyrir þau klárast á líftíma áætlunarinnar, gert er ráð fyrir gjaldtöku. Þá er úrbótum á Axarvegi og við Hornafjarðarfljót flýtt í nýrri áætlun. Salurinn fagnaði með lófataki.

Sigurður hélt áfram og sagði frá vinnu við stefnumótun í flugmálum og almennings-samgöngum í samgönguáætlun. Þar kemur fram að Egilsstaðaflugvöllur verður settur í forgang sem fyrsti varaflugvöllur og stefnt að innleiðingu „skosku leiðarinnar“ á næst

ári. Að lokum hvatti samgöngu-og sveitarstjórnaráðherra til bjartsýni.

16:40-17:00 Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambands íslenskra sveitafélaga. Karl hóf mál sitt á að skila kveðju frá formanni sambandsins og byrjaði erindi sitt á að fara yfir stöðu mála er snúa að fjármálum sveitarfélaga.

Karl brá upp mynd af spá um hagvöxt eða öllu heldur samdrátt og varar menn við því að áætla of mikla innkomu í fjárhagsáætlunum. Þá sagði hann vinnutíma á Íslandi hafa verið stuttan m.v. OECD. Íslendingar séu með frekar stuttan vinnutíma en með hæstar tekjurnar, þeim hagvexti sem ríkt hefur undanfarin misseri hefur verið komið inn í launin. Nú standa yfir kjaraviðræður við stéttarfélög og þar er þung krafa um að stytta enn vinnuvikuna. Sveitarfélög verða að halda úti þjónustu eftir því sem atvinnulífið þarf, þannig að það kostar að stytta vinnuviku, því lýsti hann efasemdum um að mikil stytting gæti gengið eftir.

Varðandi samninga við kennara er beðið niðurstöðu gerðardóms, þar er krafist að allir fái greitt eins og þeir séu með masters-nám. Þróun launavísitölu opinberra starfsmanna er sambærileg við þá þróun sem orðið hefur á almennum markaði. Með vísan til Lífskjarasamningsins biðlaði Karl til sveitarfélaga að hækka ekki gjaldskrár og hvatti þau til að sýna samfélagslega ábyrgð. Við skoðun á fjárhagslegri stöðu sveitar-

félaga má sjá að Austurlandsfjórðungur kemur vel út hvað varðar skuldahlutfall miðað við landsmeðaltal og hefur þróunin verið jákvæð síðustu ár.

Karl snéri sér næst að tillögu sveitarstjórnarráðherra um fækkun sveitarfélaga. Sveitarfélögin í landinu eru 72 þar af eru 7 sveitarfélög með undir 100 íbúa. Þó sveitarfélögin séu ólík starfa þau öll á grundvelli sömu laga. Það þarf stærri sveitarfélög til að efla sveitarstjórnarstigið. Karl lýsti yfir stuðningi við tillögu ráðherra um fækkun sveitarfélaga. Í vinnu við tillöguna voru heildarhagsmunir hafðir til hliðsjónar frekar en hagsmunir einstakra sveitarfélaga. Árlega geta sparast 3 – 5 milljarðar ef af sameiningum verður og því er það ábyrgð þeirra sem meðhöndla opinbert fé að koma þessu á en sérstakur stuðningur verður að koma frá ríkinu vegna sameininga. Efling sveitarstjórnarstigs mun svo m.a. fela í sér betri laun sveitarstjórnarfulltrúa.

Bauð þingforseti Pálínu Margeirsdóttur, formanni byggða- og atvinnumálanefndar, að koma og kynna ályktanir nefndarinnar (*Þingskjal 9*).

Ályktanir byggða- og atvinnumálanefndar

Áskoranir atvinnulífsins á Austurlandi Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019 vekur athygli á því að viðkvæmir innviðir eru farnir að hamla þróun og uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi. Húsnæðisskortur, dýrt og óreiðanlegt innanlandsflug, aðgengi að framhalds- og háskólamenntun og sérfræðipjónustu lækna, svo fátt eitt sé nefnt, gerir að verkum að erfitt reynist að fá starfsfólk og íbúa. Hið opinbera verður að tryggja grunnþjónustu í öllum landshlutum.

Að lokum fór Karl yfir viðburði sem framundan eru hjá sambandinu.

Fundastjóri gerði hlé á þinginu og minnti á að óvissuferðin hæfist í beinu framhaldi af þinginu og að tími muni vinnast til að skipta um föt fyrir hátíðarkvöldverðinn að lokinni óvissuferð.

12. október

09:00-10:00 Nefndarstörf og frágangur

10:00-12:00 Afgreiðsla mála, nefndarálit og tillögur. Þingforseti bauð fundamenn velkomna til framhalds haustþingsins.

Bauð þingforseti Pálínu Margeirsdóttur, formanni byggða- og atvinnumálanefndar, að koma og kynna ályktanir nefndarinnar (*Þingskjal 9*).

Ályktanir byggða- og atvinnumálanefndar

Áskoranir atvinnulífsins á Austurlandi Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019 vekur athygli á því að viðkvæmir innviðir eru farnir að hamla þróun og uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi. Húsnæðisskortur, dýrt og óreiðanlegt innanlandsflug, aðgengi að framhalds- og háskólamenntun og sérfræðipjónustu lækna, svo fátt eitt sé nefnt, gerir að verkum að erfitt reynist að fá starfsfólk og íbúa. Hið opinbera verður að tryggja grunnþjónustu í öllum landshlutum.

Samningur um sóknaráætlun Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar fyrri ályktanir um nauðsyn þess að ríkisvaldið leggi umtalsvert meira fé til samningsins frá öllum ráðuneytum sem koma að sóknaráætlun. Það er forsenda þess að markmið samningsins náist. Ástæða er til að harma þá lækkun sem orðin er á fjármagni til menningarmála í sóknaráætlun landshluta. Hætta er á að það faglega starf sem unnið hefur verið í menningarmálum á Austurlandi beri skaða af. Það að minnka fjármagnið er í hrópandi andstöðu við rannsóknir á mikilvægi menningar á landsbyggðunum sem og áherslur í byggðaáætlun um eflingu byggða um allt land. Brýnt er að önnur ráðuneyti en þau sem nú þegar eru aðilar að samningi um sóknaráætlun skoði alvarlega þau tækfæri sem felast í þátttöku í samningnum og veiti fjármagni til verkefna um allt land.

Flutningskerfi raforku

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar nauðsyn þess að Landsnet og Rarik styrki flutningskerfi raforku. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki og skortur á orku háð atvinnuuppbyggingu og starfsemi fyrirtækja sem reiða sig á raforku á Austurlandi. Aðgangur að þriggja fasa rafmagni er afar mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu hinna dreifðu byggða. Brýnt er að samnýta framkvæmdir við lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns í dreifbýli. Allir íbúar landsins eiga rétt á að búa við jafnan dreifikostnað

raforku enda hlýtur það að teljast til grunnþjónustu.

Jöfnun húshitunarkostnaðar

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur stjórnvöld enn á ný til að koma á jöfnun húshitunar-kostnaðar, sérstaklega með tilliti til þess að 10% íbúa landsins búa við skert búsetu-skilyrði af þessum sökum.

Búseturöskun í dreifbýli

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, lýsir þungum áhyggjum af stöðu sauðfjárbúskapar sem leitt hefur til búseturöskunar. Sauðfjárrækt vegur gríðarlega þungt í landbúnaði á Austurlandi. Mikilvægt er að markviss þróunar- og rannsóknarstarfsemi eigi sér stað til að styrkja búsetu innan viðkomandi svæða, efla greinina og aðrar stoðir búsetu í dreifbýli. Áfram verði unnið að aukinni sjálfbærni í matvælaframleiðslu.

Sjávarútvegur

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, telur mikilvægt að stjórnvöld tryggi að sjávarútvegur, einn undirstöðuatvinnuvega Austurlands, búi við stöðugleika og skýra framtíðarsýn. Mikilvægt er að allri opinberri gjaldtöku sé stillt í hóf svo hún hamli ekki uppbyggingu greinarinnar. Ennfremur að stjórnvöld skapi hvata til þróunar og nýsköpunar í vinnslu á sjávarafurðum í öllum landshlutum.

Fiskeldi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á mikilvægi þess að skapa heilbriggt og hvetjandi umhverfi fyrir fjölbreytta atvinnuuppbyggingu í landshlutanum í sátt við náttúru, umhverfi og aðra atvinnu-starfsemi. Fiskeldi getur orðið ein af burðarstöðum atvinnulífs á Austfjörðum og þarf líkt og aðrar atvinnugreinar starfs-umhverfi sem er skýrt og stöðugt til langs tíma. Mikilvægt er að leyfisveitingar og umsóknarferli sé skilvirkt og gagnsætt og byggji á bestu fáanlegu upplýsingum. Allt kapp skal lagt á að opinbert eftirlit verði staðbundið og byggt á þekkingu sérfræð-inga sem starfa í landshlutanum. Með því móti gefst einstakt tækifæri til að fram-fylgja stefnumótandi byggðaáætlun um fjölgun atvinnutækifæra, sporna gegn fækkun íbúa á einstökum svæðum og einhæfu atvinnulífi. Brýnt er að tryggja að sveitarfélög fái hlutdeild í gjaldtöku hins opinbera af starfseminni.

Ferðapjónusta

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur stjórnvöld til að einfalda stjórnsýslu ferðamála. Ríkið þarf að tryggja sveitarfélögum fjármagn til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin, t.a.m. markaðssetningu landshlut-ans, upplýsingaveitu fyrir ferðamenn og uppbyggingu innviða. Gistináttagjald til sveitarfélaga, er mikilvægt fyrsta skref í þá átt og brýnt að sú breyting gangi í gegn hið fyrsta. Þingið ítrekar mikilvægi þess að

framfylgt verði stefnu stjórnvalda um dreif-ingu ferðamanna og styrkingu innanlands-og millilandaflugs um Egilsstaðaflugvöll. - Uppbygging áfangastaðastofa um allt land er mikilvæg í þeirri vinnu og brýnt að verkefnum þeirra fylgi fullnægjandi fjár-magn. Einboðið er að það fjármagn verði tengt við samning um sóknaráætlun.

Skógrækt

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, mótmælir harð-lega að fjárveitingar til skógræktar lækki milli ára. Mikilvægt er að standa við áður boðuð áform um aukið fjármagn til skógræktar og þegar gerðra samninga við bændur varðandi plöntun og umhirðu nytjaskóga, sem og að gera nauðsynlega skógarplöntuframleiðslu mögulega. Fjár-magn til skógræktar stuðlar að uppbygg-ingu skógarauðlinda, er byggðaaðgerð og sérlega áhrifarík leið til að tryggja að Ísland geti mætt skuldbindingum sínum í loftslagsmálum. Hvetja þarf til nýtingar á skógarauðlindinni og efla rannsóknir og ráðgjöf við framleiðslu skógarafurða.

Ráðstöfun ríkisjarða

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, beinir því til Alþingis að mótuð verði skýr stefna í mál-efnum ríkisjarða. Bent er á að jarðir í eigu opinberra aðila hafa um aldir gegnt veigamiklu hlutverki í landbúnaði og byggðaþróun á Íslandi. Enn þann dag í dag er aðgengi að ábúðarjörðum mikilvæg leið til að tryggja nýliðun í landbúnaði,

enda ljóst að erfitt er að hefja búskap með kaupum á bújörð. Óásættanlegt er að Ríkiseignir og fjármálaráðuneytið reki eigin stefnu í málefnum ríkisjarða án þess að Alþingi taki afstöðu til málefnisins. Einkum er það ófært að fulltrúar ríkisins gangist fyrir því að bújörðum sé skipt upp þannig að húsakostur, þar með talin öll útihús, séu skilin frá landi þeirra. Með því er stofnað til verulegrar óvissu um framtíðarnýtingu jarðanna til landbúnaðar.

Eignarhald og nýting á landi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur Alþingi og ríkisstjórn að bregðast við og móta regluverk um kaup og eignarhald á landi með viðeigandi takmörkunum sem meðal annars má finna í löggjöf nágrannalanda

okkar. Nauðsynlegt er að tryggja hagsmuni íbúa landsins, sjá til þess að landnýting sé í samræmi við mikilvæga hagsmuni nærsam-félagsins og að stjórnvöldum, bæði ríki og sveitarfélögum, séu tryggð úrræði til að bregðast við sé gengið gegn slíkum hags-munum.

Forseti opnaði fyrir umræður en enginn tók til máls. Þingforseti lagði til að ***Þingskjal 9*** yrði borið í einu lagi, engin mótmæli voru við því. Borið upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti bauð Gauta Jóhannessyni formanni allsherjar- og samstarfsnefndar að koma og kynna ályktanir nefndarinnar (***Þingskjal 10***).



Ályktanir allsherjar- og samstarfsnefndar

Málefni aldraðra

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á ráðherra velferðarmála að vinna náið með sveitar-félögum að endurskoðun á skipulagi og greiðslufyrirkomulagi vegna þjónustu við aldraða. Miklar áskoranir blasa við í mál-efnum aldraðra á komandi árum og ljóst er að það verður að stórefla alla þjónustu sveitarfélaga og fjölga hjúkrunarrýmum. Þjónusta sveitarfélaga er því mikilvæg og lykillinn að þessari stefnu og dregur þannig úr þörf á innlögn og hjúkrunarrýmum sem er eitt dýrasta þjónustustig ríkisins. Greiðslufyrirkomulag ríkisins til sveitar-félaga vegna málefna aldraðra er óásætt-anlegt og m.a. er mikilvægt er að gengið verði frá nýjum rammasamningi milli Sjúkra-trygginga Íslands og hjúkrunarheimila.

Þingið verður fjármagn til skógræktar lækki milli ára. Mikilvægt er að standa við áður boðuð áform um aukið fjármagn til skógræktar og þegar gerðra samninga við bændur varðandi plöntun og umhirðu nytjaskóga, sem og að gera nauðsynlega skógarplöntuframleiðslu mögulega. Fjár-magn til skógræktar stuðlar að uppbygg-ingu skógarauðlinda, er byggðaaðgerð og sérlega áhrifarík leið til að tryggja að Ísland geti mætt skuldbindingum sínum í loftslagsmálum. Hvetja þarf til nýtingar á skógarauðlindinni og efla rannsóknir og ráðgjöf við framleiðslu skógarafurða.

Aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu

Haustþing SSA haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019 fagnar bættri þjónustu hjá HSA á sviði geðheilbrigðis-mála. Engu að síður blasir við að mikið fjármagn vantar í þennan málaflokk, en lýðheilsuvísar Landlæknis benda til þess að staða geðheilbrigðismála á Austurlandi sé mjög alvarleg og fari versnandi. Þingið ítrekar mikilvægi þess að ekki viðgangist mismunun á grundvelli búsetu á aðgengi að grunnþjónustu í geðheilbrigðismálum á Íslandi. Í því ljósi er mikilvægt að formfesta samráð aðila sem veita þjónustu á þessu sviði og ráðast í gerð aðgerðaráætlunar

með það að leiðarljósi að íbúar sem á þjónustu þurfa að halda fái úrlausn sinna mála.

a) Leggja þarf áherslu og aukið fjármagn í frekari þróun snemmtækra íhlutunar og forvarna í landshlutanum og þróun fjöl-þættra meðferðarúrræða svo þjónustan nái til sem flestra íbúa með samvinnu ólíkra stofnana og sérfræðisviða. Vinna þarf að áframhaldandi þróun fjarheilbrigðis-þjónustu og nýta hana þar sem hægt er.

b) Tryggja þarf að kostnaður við heimsóknir til sjálfstætt starfandi sálfræðinga sé sam-bærilegur og hjá öðrum sérfræðingum heilbrigðiskerfisins.

c) Tryggja þarf fleiri úrræði og skilvirkari greiningar fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda.

d) Horfa þarf til breytinga á einingum á sviði sérfræðiþjónustu s.s. geðlæknisfræða með því t.d. að úthluta HSA einingum þannig að hægt sé að tryggja þjónustu þessa sérfræðisviðs í landshlutanum.

Verkaskipting eftirlitsstofnanna á vegum ríkisins

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á ríkisvaldið að tryggja að svæðisbundnu eftirlitshlut-verki, t.d. Matvælastofnunar, Umhverfis-stofnunar og Heilbrigðiseftirlits, sé sinnt af viðeigandi stofnunum á Austurlandi. Stjórnvöld þurfa að nýta betur mannauð og

aðstöðu sem er til staðar í landshlutanum í stað þess að senda starfsmenn lands-horna á milli með ærnum tilkostnaði frá miðlægum stofnunum. Þingið mótmælir harðlega þessari meðferð fjármuna og minnir á að í nýrri byggðaáætlun er gert ráð fyrir að hið opinbera hugi að dreifingu starfa á sínum vegum.

Efling heilbrigðisþjónustu

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og að bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Í því samhengi er einkar mikilvægt að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

a) Umdæmissjúkrahús Austurlands verði eflt og geti sinnt bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónustu allan ársins hring.

b) Heilsugæsla í nærumhverfi verði tryggð enda er hún einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar.

c) Lögð verði sérstök áhersla á eflingu frumgreininga í bráðatilvikum með kaupum á nauðsynlegum greiningartækjum á heilsugæslum staðsettum í nánd við sjúkra-flugvelli.

d) Efla þarf verulega þjónustu sem veitt er í heimahúsum með aukinni þjónustu félagsþjónustunnar sem og heima-

hjúkrunar auk dagþjónustu. Leita þarf sérstakra leiða til að mæta þörfum einstak-linga og stuðla að því að þeir geti sem lengst búið á heimaslóðum.

e) Afar brýnt er að fjármagn til reksturs hjúkrunarrýma taki mið af rekstri þeirra. Rekstur margra hjúkrunarrýma er erfiður og framtíð þeirra því í uppnámi. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja fjármagn til byggingar nýrra hjúkrunarrýma þar sem þeirra er þörf og breytinga á eldri hjúkrunarrýmum til gildandi viðmiða.

f) Tryggja verður fjármagn í sjúkraflutninga á Austurlandi og taka tillit til landfræði-legra aðstæðna í landshlutanum.

g) Þá ítrekar þingið fyrri kröfur um að hluti þyrlusveitar landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Egilsstaðaflugvelli, til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.

Málefni einstaklinga með heilabilun

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar að fram séu komin drög að stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun. Þingið leggur áherslu á að verkefni sem snúa að einstak-lingum með heilabilun á landsbyggðinni séu sett í forgang. Þjónusta í héraði er mikilvæg því mikið álag getur verið á einstakling með heilabilun að þurfa að sækja greiningu og ráðgjöf um langan veg, ekki síst ef til vistunar kemur.

Embætti lögreglustjóra og sýslumanns á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að efla embætti sýslumanns og lögreglustjóra á Austurlandi með flutningi verkefna og tryggja þeim fjármagn til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Nefna má að umferð vex stöðugt, ferðamönnum fjölgar og um leið hefur umfang hálendisgæslu aukist. Fjármagn hefur ekki fylgt auknum umsvifum og nú er svo komið að sýslumannsembættið getur ekki mannað afgreiðslur sínar með viðunandi hætti og er það óásættanlegt.

Húsnæðismál

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á stjórnvöld að greiða fyrir uppbyggingu íbúðar-húsnæðis í þeim landshlutum sem búa við skekkta forsendur vegna byggingarkostnaðar, lægra markaðsverðs og erfiðleika við fjármögnun framkvæmda.

Aðstaða lögreglunnar á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar fyrri áskoranir til nýs dómsmálaráðherra að sjá til þess að farið verði í byggingu lögreglustöðvar á Seyðisfirði nú þegar. Þingið minnir á að á Seyðisfirði er landamærastöð og því er mjög brýnt að bæta aðstöðu lögreglunnar strax. Jafnframt er bent á að einnig er mikilvægt að fara í endurbætur á lögreglustöðinni í Neskaupstað.

Tekjustofnar sveitarfélaga

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, telur mikilvægt að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld þeirra hafa vaxið og verkefnum fjölgað, en tekjur ekki fylgt þeirri þróun. Því beinir þingið því til stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga að flýta vinnu við að styrkja almennan tekjugrundvöll sveitarfélaga. Þá njóti sveitarfélögin hlutdeildar af nýtingu náttúruauðlinda, veiðigjöldum, gjöldum af fiskeldi, skatttekjum af orkuframleiðslu og ferðaþjónustu.

Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaganna

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar nauðsyn þess að vinna starfshóps um stjórnsýslulega stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga ljúki sem fyrst. Ljóst er að auknum verkefnum, sem landshlutasamtökunum hefur verið falið að sinna, fylgir mikil ábyrgð og því er nauðsynlegt að staða þeirra sé skýr. Þingið væntir þess að hópurinn skili tillögum sem fyrst.

Skilgreining dreifbýlis og þéttbýlis

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, brýnir fyrir stjórnvöldum að bregðast við dreifbýlisskilgreiningu Rarik þannig að hún verði í samræmi við gildandi skipulag viðkomandi sveitarfélaga. Núverandi mörk dreifbýlsgjaldskrár Rarik virðast sett niður með tilviljanakenndum hætti og jafnræðis ekki

gætt. Raforkulögin fela ekki í sér heimild til að telja skipulagt þéttbýli sem dreifbýli og fella undir dreifbýlsgjaldskrá, enda er það fyllilega eðlilegt að iðnaðarsvæði liggi fjarri íbúabyggð og sú aðstaða viðurkennd í þéttbýlisskilgreiningu Hagstofu Íslands. Jafnframt hvetur þingið til þess að hið opinbera taki afstöðu til þess hvernig kostnaður við húshitun verði jafnaður með byggðasjónarmið í huga.

Þjóðgarðastofnun og málefni Vatnajökulsþjóðgarðs

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á mikilvægi þess að áfram verði unnið að uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs í samræmi við þá stefnu sem lagt var upp með í upphafi og að stjórnsýsla þjóðgarðsins verði vistuð á starfssvæði hans. Hugmyndir að nýju fyrirkomulagi varðandi skipulag yfirstjórnar allra þjóðgarða á landsvísu mega ekki tefja þessa uppbyggingu. Jafnframt tekur þingið undir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um hina nýju þjóðgarðastofnun.

Tölulegar upplýsingar um samgöngur á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, felur stjórn SSA að láta taka saman tölulegar upplýsingar um samgöngur í landshlutunum sem nýst geti við áframhaldandi stefnumörkun sambandsins í samgöngumálum. Samantektin verði kynnt aðildarsveitarfélögum

fyrir næsta haustþing SSA.

Umræður um hvort þessi tillaga ætti betur heima hjá samgöngunefnd en niðurstaða er sú að um gagnagrunn sé að ræða.

Tillaga að ályktun frá formanni stjórnar SSA sem vísað skal til allsherjar- og samstarfsnefndar: Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, felur stjórn að vinna áfram að endurskoðun reglna um launakjör formann og stjórnar SSA, fastafulltrúa í nefndum og fulltrúa í starfs- og vinnuhópum sem skipaðir eru af SSA. Tillaga stjórnar verði kynntar á aðalfundi SSA 2020.

Orðið gefið laust, enginn tók til máls. ***Þingskjal 10*** borið upp í heild og samþykkt samhljóða.

Næsti kynnti Sigríður Bragadóttur formaður mennta- og menningarmálanefndar að koma og kynna ályktanir nefndarinnar (***Þingskjal 11***).

Ályktanir mennta- og menningarmálanefndar

Menningarmiðstöðvar

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur menntamálaráðuneytið til að auka fjármagn til menningarmiðstöðva á Austurlandi sem eru lykilstofnanir í austfirsku lista- og menningarlífi. Ein af meginforsendum jákvæðrar íbúaþróunar er að tryggja sem

jafnast aðgengi að listum og menningu, eins og fjallað er um í byggðaaætlun. Jafnframt er lögð áhersla á að samstarf við þjóðmenningarstofnanir verði þróað áfram og eflt.

Varðveisla menningarminja

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur ríki og sveitarfélög til þess að rækta betur skyldur sínar gagnvart menningarverðmætum á Austurlandi. Fornleifaskráning og varðveisla menningarminja eru mjög þýðingarmiklir þættir í átt að sjálfbærri ferðaþjónustu. Sögulegar heimildir mega ekki glatast, því þarf að tryggja verkefnum á borð við fornleifauppgröft í Stöðvarfirði nægt fjármagn. Aukin ferðaþjónusta í landshlutunum veldur meiri ágangi ferðamanna að viðkvæmum menningarminjasvæðum sem tryggja þarf að ekki verði raskað. Mörg tækifæri felast í verkefnum um verndarsvæði í byggð og í átaki stjórnvalda um friðlýsingar. Brýnt er að tryggð verði fjármögnun þeirra. Ennfremur hvetur þingið mennta- og menningarmálaráðuneytið og Alþingi til að beita sér fyrir breytingum á þjóðminjalögum svo að meginreglan verði sú að fornminjar séu til sýnis í þeim landshluta sem þær finnast. Mikilvægt er að á Austurlandi séu söfn sem eru í stakk búin til þess að varðveita og sýna slíka muni.

Starfsemi RÚV á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á RÚV

ohf. að tryggja öflugri fréttamiðlun landshlutans í samræmi við markmið byggðaaætlunar. Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar um eflingu þjónustu á Austurlandi, hefur raunin alls ekki orðið sú. Styrkja þarf öfluga fréttapjónustu og dagskrárgerð í landshlutunum og bæta við fullu stöðugildi starfsmanns sem hefði einnig það hlutverk að nýta nýja möguleika í fjölmiðlun, s.s. gerð hlaðvarpsþátta. Á Austurlandi er hlaðvarpsþáttagerð að eflast. Þingið hvetur RÚV ohf. til að auka tengsl við þennan geira og gera efnid aðgengilegt á sínum miðlum.

Menntun á framhaldsskólastigi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á Austurlandi fái tækifæri til að þróa starfsemi sína til að mæta þeim áskorunum sem fylgja rekstri fámennra skóla í dreifðum byggðum, s.s. með þróun Fjarmenntaskólans og samstarfi við framhaldsfræðsluna. Mikilvægt er að á Austurlandi bjóðist fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist og tengist fjölbreyttum möguleikum svæðisins. Mikilvægt er að stofnunum landshlutans verði gert kleift að vinna saman að mótun þjónustu í samræmi við menntunarþarfir íbúa á Austurlandi. Tryggja þarf skólunum fjármagn sem gerir þeim þetta kleift. Sérstaklega er brýnt að sem fyrst verði lokið við endurskoðun námskrár iðn- og verknáms og að til hliðsjónar verði haft þjóðhagslegt mikilvægi þess.



Fulltrúar frá Fljótsdalshéraði og Djúpavogi.

Háskólamenntun og rannsóknir

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar því skrefi sem stigið hefur verið að stofna formlega Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Egilsstöðum og Breiðdalsvík en skorar jafnframt á stjórnvöld að auka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum hins opinbera. Þetta mætti gera t.d. með því að fjölga opinberum rannsóknatengdum störfum á svæðinu, m.a. með samstarfi við Austurbrú og háskólana. Þingið ítrekar fyrri ályktanir um að verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins. Þetta er algjörlega óviðunandi og þingið krefst þess að aðstaða Austurlands verði samþærlig við það sem gerist í öðrum lands-

hlutum. Fjarlægðir milli byggðakjarna og erfiðar samgöngur kalla á dreifða þjónustu. Hlutfall háskólamenntaðra á Austurlandi er töluvert undir landsmeðaltali og því er ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en aðrir landshlutar, heldur þvert á móti. Þingið leggur áherslu á að mennta- og menningarmálaráðuneytið komi að uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi í samstarfi við Háskólann á Akureyri og vonast til að námið geti hafist sem fyrst.

Fjarnám á háskólastigi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á ríkisvaldið að sjá til þess að fyrsta gráða á háskólastigi sé skilgreind sem grunn-



þjónusta. Þingið ítrekar þá áherslu sem fram kemur í byggðaaætlun um fjölbreytt framboð námsleiða í fjarnámi. Jafnframt er skorað á háskólastigið að móta sér skýrari stefnu varðandi fjarnám og fjölga þeim námsleiðum sem í boði eru, s.s. í grunnnámi og endurmenntun á háskólastigi. Það er jafnréttismál að allir nemendur geti nýtt sér fjarnám í heimabyggð í auknum mæli. Því þarf námið að vera þannig skipulagt að það sé raunhæfur kostur. Þingið skorar á ríkisvaldið að veita meiri fjármunum til Austurbrúar til að tryggja aðstöðu og stuðning sem auðveldar þessum nemendum að sækja nám hér á landi og erlendis.

Framhaldsfræðsla og íslenskukennsla fyrir innflytjendur

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á stjórnvöld að auka möguleika fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endurmenntun heima í héraði.

Nauðsynlegt er að grunnfjárveiting til framhaldsfræðslunnar hjá Austurbrú tryggji að til staðar sé dreifð þjónusta og nám í samræmi við þarfir íbúa um allt Austurland. Þá er áriðandi að reglur um fjárveitingar til íslenskukennslu fyrir innflytjendur taki mið af landfræðilegum aðstæðum og ólíkum þörfum byggðarlaga. Vakin er athygli á að reglur um lágmarksþátttökufjölda í námshópum eru hamlandi fyrir þessa starfsemi á Austurlandi og veldur því að ekki er hægt að sinna henni sem skyldi.

Lýðskóli

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar setningu laga um lýðskóla. Markmið löggjafarinnar er að stuðla að starfrækslu lýðskóla á Íslandi sem veita almenna menntun og uppfræðslu í samræmi við ákvæði laganna og undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Á Seyðisfirði starfar

lýðskóli á listasviði, LungA-skólinn, sem hóf starfsemi árið 2014. Mikilvægt er að löggjöfinni fylgi stuðningur stjórnvalda í formi fjármagns svo rekstur skólans sé tryggður til framtíðar.

Stoð- og grunnþjónusta leik- og grunnskóla

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á mikilvægi þess að stoðþjónusta leik- og grunnskóla á svæðinu verði eflð, t.d. með því að stytta biðtíma eftir greiningaferli og með komu sérfræðinga, s.s. talmeinafræðinga. Þingið beinir því til stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands að leita leiða, í samráði við fulltrúa fræðslu- og félagsþjónustusviða sveitarfélaganna og HSA, til að fjölga úrræðum sem skólastofnum, nemendum og forráðamönnum standa til boða. Jafnframt er nauðsynlegt að Samband íslenskra sveitarfélaga og Menntamálastofnun vinni saman að miðlun tvítyngdra nemenda, á íslensku og móðurmáli nemanda.

Verk- og starfsnám á Austurlandi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar jákvæðum viðbrögðum Samtaka atvinnulífsins til að koma af stað tilraunaverkefni í uppbyggingu verk- og starfsnáms. Mikilvægt er að standa vörð um og auka fagmenntun í verk- og starfsnámi, sem og að koma á auknu framboði á lögbundnum styttri námsbrautum í starfsnámi. Nám sem hægt

er að aðlaga að einstaklingnum sjálfum í tengslum við atvinnulíf og innviði Austurlands. Þingið leggur til að Austurbrú hafi frumkvæði að samstarfi Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og Hallormsstaðaskóla við Samtök atvinnulífsins um framþróun menntunar á þessu sviði á Austurlandi. Skorað er á mennta- og menningarmálaráðuneytið að taka reglverk gagnvart minni sérhæfðum skólaeiningum til endurskoðunar.

Þingforseti gaf orðið laust.

1. Björg Björnsdóttir
Björg ræddi tvær af ályktununum.

Sú fyrri um menningarmiðstöðvar. Það sem forstöðumenn hafa kvartað yfir sé að þær eru ekki nógu vel skilgreindar í kerfinu og erfitt að fá styrki fyrir vikið. Gengur illa gagnvart styrkumsóknum. Breytist þannig: *[...]***fjármagn og skilgreina stöðu menningar- miðstöðva [...]**

Sú síðari snýr að háskólamenntun og rannsóknnum. Lýsti hún áhuga á þessu málefni og fannst henni ræða Kristján Þórs góð sem talaði um mikilvægi þess að Austurland sækti fram á þessu sviði. Sagði hún Jón Þórðarson hefur staðið sig vel að setja málið á dagskrá. Björg stakk upp á algjörri breytingu og verður ályktunin þá svohljóðandi: Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystra 11. og 12. október 2019, áréttar að vaxtamöguleikar og framtíðarhorfur Austurlands felist í uppbyggingu þekkingar-

samfélags í landshlutanum. Skorað er á stjórnvöls að stórauka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfssemi á vegum hins opinbera, t. d. með því að fjölga opinbetum rannsóknatengdum störfum á svæðinu. Verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins og þingið krefst þess að aðstaða Austurlands verði sambærileg við það sem gerist í öðrum landshlutum. Það er ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en aðrir landshlutar heldur þvert á móti. Brýnt er að mennta- og menningarmálaráðuneytið komi að uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi í samstarfi við Háskólann á Akureyri og námið hefjist hið fyrsta.

2. Jón Björn Hákonarson
Jón Björn vildi koma inn á eitt varðandi starfsemi RÚV á Austurlandi. Benti á að miðlun efni sé að breytast. Þá mun RÚV breytast og passa þarf að við verðum ekki útundan þar. Benti á mikilvægi staðarmiðla og stakk uppá að bæta við einni setningu við ályktunina og bæta við fyrirsögn hennar. Fyrirsögn breytist þannig: *[...] og annara fjölmiðla á Austurlandi. Þá bætist við lokin: Þá hvetur þingið til þess að staðið verði við bakið á öðrum staðbundnum miðlum á Austurlandi.*

3. Magni Harðarson
Magni ræddi tillögur Bjargar og velti fyrir sér: Viljum við endilega að menntamálaráðherra skilgreini stöðuna? Viljum við ekki gera það sjálf?

4. Jón Þórðarson
Jón lýsti sig sammála tillögu Bjargar. Sagði mistök vera í gangi sem hamla munu árangri. Sagði að Kristján hefði talað um að framtíðin væri farin. Sagði að algjör mistök væru að stefna að útibúi. Sagði að Austfirðingar þyrftu að stjórna þessu. Útibú yrði alltaf afgangsstærð.

5. Einar Már
Einar þakkaði nefndinni góð störf. Varðandi tillögur Bjargar: Sammála að skilgreina stöðu menningarmiðstöðva. Lýsti sig sammála Magna að skerpa þyrfti á orðalagi. Lýsti sig að nokkru leyti sammála Jóni en gaf til kynna að útibú væri skárra en ekkert. Sagði óvarlegt að slíta viðræðum við HA. Lýsti sig sammála Kristjáni Þór að mikilvægt sé að sækja meira fjármagn á Austurland fyrir Háskólastarfsemi og rannsóknarstyrki.

Þingforseti lokaði mælendaskrá og stýrði afgreiðslu.

Kosið um tillögu Bjargar um menningar- miðstöðvar: Samþykkt. Einn var á móti.

Kosið um tillögu Jóns Björns varðandi RÚV: Samþykkt samhljóða.

Kosið um tillögu Bjargar um háskólamenntun og rannsóknir: Samþykkt samhljóða.

Aðrar tillögur bornar upp í heild: Samþykktar samhljóða.

Þingforseti bauð Stefáni Boga Sveinssyni

formanni umhverfis- og samgöngunefndar að koma og kynna ályktanir nefndarinnar (þingskjal 12).

Ályktanir umhverfis- og samgöngu- nefndar

Samgöngumál

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, fagnar auknum fjárveitingum til samgöngumála og þeim verkefnum sem unnist hafa síðastliðið ár eftir áralanga kyrrstöðu. Þingið vekur jafnframt athygli á því að enn vantar töluvert uppá að fjárveitingar til málaflokksins verði fullnægjandi. Enginn einn málaflokkur er jafn þýðingarmikill fyrir landshlutann, hvort heldur er með tilliti til byggðapróunar, öryggis- og atvinnumála, þ.m.t. ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða samkeppnisstöðu. Nauðsynlegt er að fjármögnun verðandi samgönguáætlunar sé tryggð þannig að landsmenn geti treyst því að henni verði fylgt. Þingið skorar á stjórnvöld að við endurskoðun samgönguáætlunar verði gert stórátak í samgöngumálum. Nauðsynlegt er að hlutur Austurlands verði ekki fyrir borð borinn og horft til þess hve mörg mikilvæg verkefni eru framundan fyrir framþróun landshlutans. Þá tekur þingið undir það sjónarmið að skoðaðar verði allar útfærslur á fjármögnun þeirra samgöngubóta á Austurlandi sem SSA leggur áherslu á og þeim þannig flýtt.

Jarðgangagerð

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði

eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar mikilvægi þess að tengja byggðir á Austurlandi með samgöngum til þess að rjúfa vetrareinangrun auka öryggi og efla framtíðarmöguleika svæðisins sem eins atvinnu- og þjónustusvæðis. Þingið fagnar niðurstöðu nefndar um göng til Seyðisfjarðar sem ráðherra samgöngumála kynnti á Austurlandi í ágúst sl. og er í fullu samræmi við ályktanir SSA á aðalfundum undanfarin ár þar sem göng undir Fjarðarheiði hafa verið tilgreind sem forgangsverkefni í jarðgangagerð. Þingið hvetur samgönguráðherra og alþingi til að tryggja að framkvæmdir sem nefndin leggur til að hefjist á fyrsta tímabili samgönguáætlunar og undirbúningur hefjist strax á næsta ári. Þá er mikilvægt að hafa í huga að framtíð Austurlands alls liggur í þeirri byltingu að tengja byggðir þess saman með jarðgöngum og þar eru einnig undir Vopnafjörður og Borgarfjörður líkt og hringtenging Mið-Austurlands.

Þjónusta, nýframkvæmdir, umferðaröryggi og viðhald

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, telur það skipta höfuðmáli að vetrarþjónusta á öllum vegum landshlutans geri fólki kleift að sinna atvinnu, menntun og öðrum erindum innan svæðis án vandkvæða og með sem minnstri fyrirhöfn. Þá verður að tryggja sem best aðgengi og þar með öryggi allra íbúa á svæðinu, að umdæmissjúkrahúsi og Egilsstaðaflugvelli sem og inn og út úr landshlutanum, t.a.m. á milli Vopnafjarðar

og Þórshafnar sem og Djúpavogs og Horna-fjarðar, s.s. í Hamarsfirði. Mikilvægt er að við endurskoðun samgönguáætlunar verði gerð áætlun um umferðaröryggi eftir ákveðnum viðmiðum líkt og gert er víða erlendis. Á Austurlandi voru árin 2014-2018 sjö af tíu vegköflum í dreifbýli með flest slys og óhöpp mv. umferðarmagn, saman-ber slysaskýrslu Samgöngustofu fyrir árið 2018. Þingið leggur áherslu á að forsendur ákvarðanatöku samgönguyfirvalda um framkvæmdir og forgangsroðun séu sýni-legar og nauðsynlegt er að tekið sé tillit til slysatölfræði í því samhengi. Ekki er síður mikilvægt að staðið verði við þær nýfram-kvæmdir í landshlutanum sem undirbúnar hafa verið síðustu ár og áratugi og komnar voru á samgönguáætlun. Heilsársvegur yfir Öxi er forgangsverkefni í nýframkvæmd-um í vegagerð. Þá er mikilvægt að klára framkvæmdir á Borgarfjarðarvegi og hefja uppbyggingu á þjóðvegi 1 í sunnanverðum Fáskrúðsfirði og víðar.

Í ljósi aukins umferðarpunga, m.a. vegna ferðamanna, eru malarvegir á borð við þá sem liggja um Efra-Jökuldal, Hróarstungu, Jökulsárhlíð, Hellisheiði og í Breiðdal óboðlegir.

Setja verður byggingu nýrrar brúar yfir Lagarfljót við Egilsstaði í forgang fram-kvæmda við brúargerð á landinu með almannahagsmuni í huga m.a. vegna inn-viðatenginga og ráðast í átak til að fækka hinum fjölmörgu einbreiðum brúm í landshlutanum.

Almenningssamgöngur

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, lýsir yfir áhyggjum af stöðu almenningssamganga í dreifbýli á Íslandi og tekur undir með stjórn SSA að það verkefni verði áfram í okkar höndum á Austurlandi. Mikilvægt er að samningsgerð eigi sér stað hið fyrsta til að tryggja aðgengi að almenningssamgöngum á Austurlandi. Brýnt er að ráðuneyti sam-göngu- og sveitarstjórnarmála bæti SSA fjárhagslegt tjón vegna málaferla sem það stendur í vegna forsendubrests fyrri s amnings. Niðurstaða málsins getur að öðrum kosti ógnað fjárhagslegum grund-velli sambandsins.

Austurland ljósleiðaravætt

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar það sann-girnismál að allir íbúar landsins, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli, eigi kost á ljósleiðaratengingu sem stenst nútíma-kröfur. Fjármunir til framkvæmda í dreifbýli hafa ekki verið í samræmi við þær áherslur, væntingar og markmið sem samþykkt hafa verið. Þá hefur ekki verið veitt fjármagni til að tengja þéttbýli á landsbyggðinni. Þingið krefst þess að tryggt verði nauðsyn-legt fjármagn til þeirra framkvæmda og að horft verði til byggðasjónarmiða við forgangsroðun þeirra. Það er ófrávikjanleg krafa að ríkisvaldið gegni því hlutverki sínu að tryggja grunnþjónustu í fjarskiptum á landinu öllu.

Egilsstaðaflugvöllur – önnur fluggátt inn í landið

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur hið opinbera að tryggja nægt fjármagn til flugþróunarsjóðs sem ætlað er að styðja flugrekstraraðila sem hyggja á flug til áfangastaða utan höfuðborgarsvæðisins. Aðeins þannig sýnir hið opinbera í verki vilja sinn til að opnaðar verði aðrar fluggáttir inn í landið. Þingið krefst þess að Isavia verði sett eigendastefna sem felur í sér að félagið taki yfir rekstur allra millilan-daflugvalla landsins þ.m.t. Egilsstaðaflug-vallar. Reynslan af millilandaflugi sýnir að Egilsstaðaflugvöllur stendur fyllilega undir slíkri starfsemi.Áfram verði unnið af fullum þunga að markaðssetningu Egilsstaða-flugvallar af hálfu hagsmunaaðila, s.s. Isavia, ríkis, fyrirtækja í ferðaþjónustu og sveitarfélaga á Austurlandi. Jafna verður aðstöðu flugrekstraraðila til kaupa á elds-neyti, hvar sem er á landinu.

Flugþjónusta og öryggi

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar að aukin flugumferð til og frá Íslandi krefst þess að ríkisvaldið tryggi nægjanlegt fjármagn til uppbyggingar þannig að Egilsstaðavöllur standist kröfur um aukid þjónustustig, öryggi vegna hugsanlegra náttúruhamfara og hlutverk vallarins sem varaflugvallar. Sérstaklega þarf að horfa til framkvæmda við akbraut samhliða flugbraut, flughlöð, aðflugsljós og endurnýjun á bundnu slitlagi. Tryggja þarf aðstöðu fyrir útgerð þyrlu-

sveitar Landhelgisgæslunnar á Egilsstaða-flugvelli. Þingið skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármuni svo setja megi upp nauðsynleg aðflugsljós á Norðfjarðar-flugvelli svo hann geti betur sinnt hlutverki sínu gagnvart sjúkraflugi.

Innanlandsflug

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir lands-hlutann. Þingið fagnar því að skilgreina eigi innanlandsflug sem almenningssamgöngur og að skoska leiðin sé komin inn í fjárlög en ítrekar mikilvægi þess að hún taki gildi í upphafi árs 2020 í samræmi við núverandi samgönguáætlun. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengi-flugi við Akureyri og mikilvægt er að veita áfram nægjanlegu fjármagni til viðhalds-framkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli. Þingið krefst þess að Reykjavíkurflugvöllur verði til framtíðar staðsettur í Vatnsmýrinni sem taki mið af þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsyn-lega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum, m.a. heilbrigðisþjónustu. Hefja verður framkvæmdir við uppbygg-ingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkur-flugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands. Þingið lýsir yfir áhyggjum af skertri þjónustu Air Iceland Connect við íbúa og fyrirtæki landshlutans.

Hafnir

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnar-

framkvæmdir í samræmi við 24. gr. hafna-laga og tryggðar verði auknar fjárveitingar til Hafnabótasjóðs þannig að hann geti stutt af krafti við uppbyggingu í tengsl-um við aukin umsvif og nýjar atvinnu-greinar. Slíkt er sérstaklega mikilvægt á jaðarsvæðum sem orðið hafa fyrir skakka-föllum í atvinnulífinu á undanförnum árum. Þingið ítrekar mikilvægi þess að hafnir sem skilgreindar eru í lögum um neyðarhafnir verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni ef óhapp verður. Þá er einnig lögð sérstök áhersla á að treysta hlutverk ferjuhafnarinnar á Seyðisfirði sem landamæragáttar.

Náttúruvernd

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar nauðsyn þess að aðildarsveitarfélögin hugi að sam-

eiginlegum áherslum í umhverfismálum m.a. hvað varðar friðlýsingu svæða sem til þess eru fallin. Brýnt er að ríkisvaldið leggi til mun meiri fjármuni til uppbyggingar á friðlýstum svæðum, þannig að sveitarfélög sjái sér í ríkara mæli hag í því að taka að sér umsjón og rekstur slíkra svæða. Samhliða friðlýsingu er mikilvægt að vinna verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir slík svæði svo þau séu í stakk búin til að taka við auknum ferðamannastraumi og ágangi. Þá er skorað á Umhverfisstofnun að tryggja stóraukena landvörslu á friðlýstum svæðum á Austur-landi. Þingið hvetur ríkisvaldið til þess að vandað verði til verka við undirbúning miðhálendisþjóðgarðs og telur ástæðu til þess að málið verði rætt frekar við sveitar-félögin til að ná sátt um framgang málsins.

Úrgangsmál

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, vekur athygli aðildarsveitarfélaganna á mikilvægi svæðisáætlunar um meðferð úrgangs og skorar á stjórnvöld að ljúka sem fyrst sameiginlegri stefnumótun um úrgangsmál fyrir landið í heild. Jafnframt hvetur þingið til aukinnar samvinnu sveitarfélaganna á Austurlandi í úrgangsmálum. Líta þarf á úrgang sem auðlind og finna nýjar leiðir til að nýta úrganginn á grunni hringrásar-hagkerfis. Stefna skal að því að mun stærri hluti úrgangs verði endurunnninn og að dregið verði stórlega úr urðun úrgangs. Þingið lýsir því yfir að áform um urðunar-skatt séu ótímabær enda leiðir slík skatt-heimta óhjákvæmilega til kostnaðarauka fyrir íbúa. Áður en slíkt kemur til greina verður að finna nýjar lausnir í úrgangs-málum landsins.

Fráveitur

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, krefst þess að ríkisvaldið styðji sveitarfélögin við uppbygg-ingu fráveitu með því að fella niður virðis-aukaskatt af fráveituframkvæmdum og jafnframt með beinum fjárveitingum. Þá er brýnt að umhverfis- og auðlindaráðherra ljúki endurskoðun reglugerðar um fráveitur samhliða þessu.

Loftlagsmál

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, hvetur ríki og sveitarfélög til að grípa nú þegar til

markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði lofts-lagsmála. Þingið telur mikil tækifæri felast í orkuskiptum í samgöngum og rafvæðingu hafna. Hvetur þingið aðildarsveitarfélög SSA til virkrar þátttöku í nýstofnuðum samráðsvettvangi sveitarfélaga um lofts-lagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Markmið vettvangsins er að miðla þekkingu og reynslu og leita þannig tækifæra til samstarfs um lausnir sem stutt geta við markvissar aðgerðir og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis.

Ofanflóðavarnir

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, ítrekar mikilvægi þess að ríkisvaldið heimili fjármögnun fram-kvæmda sem tengjast ofanflóðavörnum í samræmi við áætlanir Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga enda er fjármagn fyrir hendi í Ofanflóðasjóði. Sérstaklega er mikilvægt að haldið verði áfram með þá áfanga sem þegar eru á áætlun svo og undirbúning frekari framkvæmda þannig að þær liggi saman. Þingið ítrekar við yfirvöld nauðsyn þess að endurskoða áhættumat ofanflóða að loknum framkvæmdum við ofanflóða-varnir á viðkomandi svæði.



Skipulag haf- og strandsvæða

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, leggur áherslu á að tryggja sveitarfélögum skipulagsvald strandsvæða. Þó svo stigið hafi verið það skref í skipulagsmálum haf- og strandsvæða að stofna til Svæðisráða telur þingið að skipulag fjarðanna eigi að vera á forræði sveitarfélaga rétt eins og landsvæði innan sveitarfélagamarka.

Verndun lífríkis

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, skorar á ríkisvaldið að leggja aukið fjármagn til sveitarfélaga vegna nauðsynlegs aðhalds á vargi í lífríkinu. Kostnaður vegna refa- og minkaveiða leggst mjög misþungt á sveitarfélög og oft fellur mikill kostnaður á fámenn en landstór sveitarfélög. Þingið skorar á ríkisvaldið að hækka verulega kostnaðarþátttöku sína í þessu nauðsynlega verkefni.

Stefán Bogi fór yfir störf nefndarinnar.

Umræður:

1. Björg Björnsdóttir ræddi ályktun um innanlandsflug, flugvöll í Vatnsmýri. Fannst fullsterkt til orða tekið að festa ætti flugvöllinn í Vatnsmýri. Vildi orða tillöguna svo að aðgengi Austurlands að höfuðborginni sé tryggt.

Þingforseti hóf afgreiðslu tillagnanna.

Tillagan um innanlandsflug borin upp sérstaklega: Samþykkt með yfirgnæfandi

meirihluta. Sjö sátu hjá.

2. Einar Már Þakkaði nefndinni góð störf. Benti á mikilvægi þess að opnað verður fyrir gjaldtöku á samgöngur. Tók sérstaklega undir athugasemdir um Miðhálendisþjóðgarð og slæmt væri að sveitarfélög þyrftu að fara bóka hvert í sínu lagi um hann.

Restin af tillögum borin upp: Samþykkt samhljóða.

Næstur tók til máls Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, sem þakkaði góðan fund og bauð Fjarðabyggð fram sem fundarstað að ári SSA.

Einar Már Sigurðarson formaður tók til máls. Þakkaði hann fyrir góðan viðurgjörning á Borgarfirði og sérstaklega öllu því fólki sem kom að skipulagningu og veitingum á þessu þingi. Einnig þakkaði hann fundarstjórum og riturum fyrir þeirra störf.

Þingforseti bar upp þá tillögu að fundarriturum og fundarstjórum yrði falið að ljúka frágangi fundargerðar fundarins. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti sleit fundi kl. 11:20 og kallaði fulltrúa til myndatöku fyrir neðan búðina þar sem markmiðið væri að hafa nýju veggmyndina af hólmanum í baksýn. Í framhaldi af myndatökunni yrði boðið upp á hádegisverð í Álfacafé og ættu fundamenn að streyma þangað að lokinni myndatöku.



Heiðursgestur

á haustþingi SSA í Fjarðarborg, Borgarfirði eystri, 11.-12. október 2019.



Andrés Skúlason ásamt eiginkonu sinni, Grétu Jónsdóttur.

Heiðursgestur haustfundar SSA árið 2019 var Andrés Skúlason, fyrrverandi oddviti Djúpavogshrepps.

Andrés ólst upp á Borgarfirði og utan hefðbundinna starfa í sveitinni fór hann ungur út á hinn almenna vinnumarkað eins og þá tíðkaðist. Hann flutti til Djúpavogs árið 1986. Þar hefur hann búið allar götur síðan, er giftur og á þrjú uppkomin börn. Andrés var til langs tíma sjómaður á ýmsum bátum og stærri skipum og

vann einnig við margvísleg störf í bygg-ingariðnaði. Frá árinu 1994 hefur hann verið forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Djúpavogshrepps.

Þátttaka Andrésar í sveitarstjórnarmálum hófst fyrir alvöru árið 2002 þegar hann hóaði saman fólki á lista sem bar nafnið Nýlistinn. Andrés var starfandi oddviti Djúpavogshrepps samfelld frá 2002 til 2018. Samhliða því veitti hann nefndum Djúpavogshrepps formennsku, m.a. skipu-

lags- og byggingarnefnd og atvinnu-, ferðamála- og umhverfisnefnd.

Andrés hefur setið í stjórn SSA, í samgöngunefnd SSA auk ýmissa svæðisbundanna stofnana og félaga, s.s. Þróunarfélags Austurlands, Heilbrigðis-eftirlits Austurlands, Svæðisskipulags-nefndar Austurlands, Minjaráðs Austurlands, Náttúruverndarsamtaka Austurlands og Ferðamálasamtaka Austurlands. Andrés hefur líka setið í stjórn Atvinnuþróunar-sjóðs Austurlands, Viðlagatryggingum Íslands, Sveitarfélaga á köldum svæðum og Íslenskra orkurannsókna. Auk þess hefur hann gegnt trúnaðarstörfum fyrir Vinstri hreyfinguna grænt framboð.

Andrés hefur látið til sín taka í ýmsum öðrum félagsstörfum en pólitískum: Hann var formaður Ungmennafélagsins Neista um árabíl, formaður stjórnar fólkvangsins á Teigarnhorni og formaður stjórnar Ríkharðshúss. Andrés hefur auk þessa átt sæti í fjölmörgum öðrum stjórnnum og ráðum á síðustu tveimur áratugum sem oft langt mál væri að fara yfir hér.

Stjórn SSA færði Andrési bestu þakkir fyrir framlag hans til sveitarstjórnarmála á Austurlandi og óskaði honum alls hins besta.

Menningarverðlaun

veitt á haustþingi SSA í Fjarðarborg, Borgarfirði eystri, 11.-12. október 2019.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi veitir árlega menningarverðlaun SSA. Ákvörðun um verðlaunahafa er tekin af stjórn SSA að fengnum tilnefningum og verðlaunin afhent á fundi sambandsins. Þau eru veitt einstaklingi, stofnun eða samtökum á Austurlandi sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar á liðnu starfsári SSA. Hlutverk verðlaunanna er einnig að vera almenn hvatning til eflingar menningar- og lista-starfs í landshlutanum. Verðlaunin eru í formi heiðursskjals og peningaupphæðar.

Handhafi menningarverðlauna SSA árið 2019 er Gunnarsstofnun. Stofnunin, sem rekur menningar- og fræðasetur á Skriðuklaustri, varð til árið 1997 og hefur frá aldamótum staðið fyrir lifandi menningarstarfsemi árið um kring, s.s. með sýningarhaldi, tónleikum, fyrirlestrum og öðrum viðburðum. Ferðamönnum er boðið upp á lifandi leiðsögn um húsið og þeir fræddir um líf og störf Gunnars Gunnarssonar skálds, sögu Skriðuklausturs og nær-umhverfis. Gunnarsstofnun kemur jafnframt að útgáfu bóka og rita og býður lista- og fræðimönnum dvöl í gestaíbúð á staðnum.

Árið 2013 var stofnaður menningarsjóður sem hefur það hlutverk að renna stoðum

undir starfsemi Gunnarsstofnunar og styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka sem samræmast hlutverki stofnunarinnar. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum fjórum sinnum, til margvíslegra verkefna. Á síðustu árum hefur stofnunin verið leiðandi á landsvísu í nýtingu margmiðlunar við miðlun á menningararfinum og m.a. byggt miðalda-klaustrið í sýndarveruleika og búið til leik fyrir snjallsíma um sögu klaustursins. Um 40 þúsund gestir heimsækja Skriðuklaustur árlega og um helmingur þeirra skoðar sýningar í húsinu.

Gunnarsstofnun hefur verið leiðandi afl í menningarstarfsemi á Austurlandi allt frá upphafi og heimsókn í Skriðuklaustur orðinn fastur punktur í lífi margra Austfirðinga. Kjörorð stofnunarinnar eru metnaður, framsýni og samstarf og hefur stofnunin sýnt það í verki hverju stöðug þróun og fagmennska getur skilað. Gunnarsstofnun er verðugur handhafi menningarverðlauna SSA árið 2019.



Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar.

Ársreikningur

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ársreikningur 2019

Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir
Kt. 560276-0289

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun skoðunarmanna	4
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að í ársreikningnum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2019.

Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð á árinu 2019 að fjárhæð 34,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok var jákvætt sem nam 46,8 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga og Austurlandi staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 02.06.2020

Stjórn:

[Handwritten signatures of the Board members]

Framkvæmdastjóri:

[Handwritten signature of the Managing Director]

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2019. Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 5. júní 2020

[Handwritten signature of the Auditor]

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 um könnun ársreikninga. Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á ársreikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2019, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við ofangreinda ályktun okkar þá vekjum við athygli á skýringu 5 í ársreikningi þar sem fjallað er um skaðabótakröfu á hendur sambandinu vegna lögbannskröfu og mögulegar fjárhagslegar afleiðingar vegna þessa en óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu málsins.

Egilsstöðum, 9/6 2020

KPMG ehf.

Ólafur Jónsson

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	Áætlun 2019	2018
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		27.146.580	27.146.579	26.076.464
Önnur rekstrarframlög		188.765.388	191.223.179	180.027.913
Aðrar tekjur		117.400.004	96.000.000	75.038.987
	1b	333.311.972	314.369.758	281.143.364
Rekstrargjöld:				
Verkefnastjórn, nefndarlausn og greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs		23.428.035	28.121.000	22.465.002
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3	8.153.557	6.000.000	5.816.150
Annar stjórnunarkostnaður		3.143.539	2.840.000	2.510.163
Funda- og ferðakostnaður		5.056.469	7.650.000	6.462.957
Sérverkefni, beinn kostnaður		260.008.416	271.257.000	241.283.804
	1c	299.786.016	315.868.000	278.538.076
Rekstramiðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		33.525.956	(1.498.242)	2.605.288
Vaxtatekjur		1.268.596	1.500.000	1.193.878
Vaxtagjöld		(1.117)	0	(14.080)
		1.265.479	1.500.000	1.179.798
Rekstrarafgangur	2	34.791.435	1.758	3.785.086

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Eignir	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir:				
Áhættufjármunir:				
Eignarhlutur í SV Aust ehf.	1e	665.000	665.000	
Fyrirframgreiddur kostnaður	4	4.832.924	5.026.031	
		5.497.924	5.691.031	
	Fastafjármunir		5.497.924	5.691.031
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Krafa vegna lögbanns	5	7.000.000	7.000.000	
Fyrirframgreiddur kostnaður	4	193.107	193.107	
Aðrar skammtímakröfur		29.886.589	21.480.901	
Handbært fé	1f	157.845.026	141.995.607	
	Veltufjármunir		194.924.722	170.669.615
	Eignir samtals		200.422.646	176.360.646
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé:				
Eiginfjáreikningur	2	46.792.692	12.001.257	
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbinding	3	82.083.374	79.178.611	
		82.083.374	79.178.611	
Skammtímaskuldir:				
Fyrirframinnheimtar tekjur		17.000.000	14.000.000	
Ógreiddur rekstrarkostnaður		34.358.580	46.959.528	
Ógreitt vegna uppbyggingarsjóðs		20.188.000	24.221.250	
		71.546.580	85.180.778	
	Skuldir samtals		153.629.954	164.359.389
	Eigið fé og skuldir samtals		200.422.646	176.360.646

Sjóðstreymisfirlit ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarafgangur ársins	2	34.791.435	3.785.086
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	3	2.904.763	881.832
		37.696.198	4.666.918
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting		193.107	(5.026.031)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(8.405.688)	3.456.501
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		3.000.000	14.000.000
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(16.634.198)	23.607.051
	Samtals	(21.846.779)	36.037.521
	Handbært fé frá rekstri	15.849.419	40.704.439
Hækkun á handbæru fé		15.849.419	40.704.439
Handbært fé í ársbyrjun		141.995.607	101.291.168
Handbært fé í árslok		157.845.026	141.995.607

Skýringar

1. Reikningskilaaðferðir
- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningskilum og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

b. Innláusn tekna

Tekjur vegna framlaga aðildarfélaga samlagsins er færð miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

c. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

d. Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í Sv Aust er færður á kostnaðarverði, nafnverð í árslok nam 0,5 millj. kr.

e. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2019 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár

g. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samlagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Elgið fé

Yfirlit um eiginfjáreikninga:

Eigið fé 1.1.2019 12.001.257

Rekstrarafgangur ársins 34.791.435

Eigið fé 31.12.2019 46.792.692

3. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrissgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun 79.178.611

Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu 8.153.557

Greiddur lífeyrir á árinu (5.248.794)

Lífeyrisskuldbinding í árslok 82.083.374

Skýringar, frh.:

4. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag varúðarsjóðs á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú á árinu 2018 eru færðar til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2020 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er færð meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig:

	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar sjóður	Samtals
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun	4.724.973	494.165	5.219.138
Gjaldfært á árinu 2019	(166.275)	(26.833)	(193.107)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	4.558.698	467.332	5.026.031

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldf., færð meðal veltufjármuna.....	166.275	26.832	193.107
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	4.392.423	440.501	4.832.924
Samtals í efnahagsreikningi.....	4.558.698	467.333	5.026.031

5. Skaðabótakrafa vegna lögþanns

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögþann vegna reglubundinna fólkflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA taldi sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögþanninu var hnekkð með dómi Héraðsdóms 6. maí 2013.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem úrskurðaði þann 28. nóvember 2013 Sternu í vil. Sterna höfðaði þann 18. mars 2014 skaðabótamáli á hendur SSA og krafist bóta að fjárhæð 475 millj. kr. í framhaldinu stefndi SSA Vegagerðinni inn í málið.

Í janúar 2016 skilaði dómskvaddur matsmaður niðurstöðu sinni og var hún hærrí en bótakrafa stefnanda og framhaldsstefndi Sterna þá og hækkaði kröfur sínar til samræmis við niðurstöðu matsmanns og nemur dómkrafan nú 589 millj. kr.

Í framhaldinu var gerð krafa um að matsmanni yrði gert að endurskoða og endumeta matsgerð sína og í mars 2017 voru skipaðir yfirmatsmenn, til að svara spurningum sem gagnaðili setti fram í matsgerð á sínum tíma, og undirmatsmaður, til að svara nýjum spurningum SSA. Yfirmatsgerð var klárað í ágúst 2017 og var niðurstaðan að skaðbætur skyldu nema 64 millj. kr.

Haustið 2019 var lögð fram ný yfirmatsgerð í málinu og er það nú tilbúið til málfutnings fyrir Héraðsdómi. Reiknað er með að málfutningur fari fram næsta vetur (2020-2021) og málinu ljúki þá fyrir héraðsdómi með efnisniðurstöðu.

Það er mat stjórnenda að veruleg óvissa sé um endanlega niðurstöðu málsins en telja að meiri líkur en minni sé á því að dómur falli SSA í vil og því er ekki færð upp skuldbinding til að mæta hugsanlegum skaðabótum. Það er þó ljóst að falli dómur Sternu í vil er veruleg óvissa um rekstrarhæfi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Skýringar, frh.:

6. Atburðir eftir uppgjörsdag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim, þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur.

Það er mat stjórnenda að faraldurinn muni að óbreyttu ekki hafa áhrif á tekjur SSA til skemmri tíma lítið en erlitt er að leggja mat á áhrif til lengri tíma í ljósi framangreindrar óvissu. Stjórnendur meta þó að greiðsluhæfi sambandsins sé ekki enn skert.

Sundurliðanir

	Almennur rekstur	Sóknaráætlun	Almennings- samgöngur	Svæðis- skipulag	Byggðaaáætlun	Samtals
Rekstrartekjur	47.791.643	147.120.325	112.400.004	5.000.000	21.000.000	333.311.972
	47.791.643	147.120.325	112.400.004	5.000.000	21.000.000	333.311.972
Verkefnastjórn, nefndarlaun	23.426.035	0	0	0	0	23.426.035
Lífeyrisskuldbinding, breyting	8.153.557	0	0	0	0	8.153.557
Annar stjórnunarkostnaður	3.143.539	0	0	0	0	3.143.539
Funda- og ferðakostnaður	5.056.469	0	0	0	0	5.056.469
Sérverkefni, beinn kostnaður	1.166.429	146.073.229	87.079.486	4.687.272	21.000.000	260.006.416
	40.946.029	146.073.229	87.079.486	4.687.272	21.000.000	299.786.016
Fjármunatekjur	1.045.377	11.496	209.723	0	0	1.266.596
Fjármagnsgjöld	(1.117)	0	0	0	0	(1.117)
	1.044.260	11.496	209.723	0	0	1.265.479
Rekstrarafkoma ársins	7.889.874	1.058.592	25.530.241	312.728	0	34.791.435

36

37

Sundurliðanir

	Ársreikningur 2019	Fjárhags- áætlun 2019	Ársreikningur 2018
Framlög sveitarfélaga			
Framlög sveitarfélaga	14.446.580	14.446.579	13.376.464
Framlög sveitarfélaga v/sóknaráætlun	12.700.000	12.700.000	12.700.000
	27.146.580	27.146.579	26.076.464
Framlög ríkis og jöfnunarsjóðs			
Ríkið v/sóknaráætlun	123.820.303	122.240.303	122.240.303
Framlög Jöfnunarsjóðs bundið framlag	33.345.063	34.332.876	32.636.357
Ríkið vbyggðaaætlun	21.000.000	24.500.000	20.000.000
Framlög frá Jöfnunarsjóði v. sóknaráætlunar	10.600.022	10.150.000	5.151.253
	188.765.388	191.223.179	180.027.913
Aðrar tekjur og framlög			
Framlög vegna almenningssamgangna	86.000.004	84.000.000	67.038.987
Sérstakt framlag vegna almenningssamgangna	26.400.000	0	0
Svæðisskipulag, tekjufært framlag	5.000.000	12.000.000	8.000.000
	117.400.004	96.000.000	75.038.987
Verkefnastjórn, nefndarlaun			
Verkefnastjórn og umsýsla	13.162.790	16.876.000	12.343.564
Laun stjórnar, formanns og nefnda	8.506.746	9.300.000	8.325.048
Mótramlag í lífeyrissjóð	817.651	930.000	809.516
Tryggingagjald	737.256	800.000	782.025
Gjaldfært vegna Brúar lífeyrissjóðs	193.107	200.000	193.107
Starfsmannatryggingar og stéttarfélagsgjöld	8.485	15.000	11.742
	23.426.035	28.121.000	22.465.002
Lífeyrisskuldbinding, breyting			
Eftirlaun til lífeyrissjóða	5.248.794	5.000.000	4.934.318
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	2.904.763	1.000.000	881.832
	8.153.557	6.000.000	5.816.150
Annar stjórnunarkostnaður			
Könnun ársreiknings og reikningsskilapjónusta	1.692.163	1.500.000	1.473.548
Aðkeypt sérfræðipjónusta	459.745	200.000	189.845
Auglýsingar	414.461	250.000	226.369
Samningur við N4	400.000	440.000	400.000
Simi	98.964	100.000	98.487
Helmasíða	57.410	50.000	42.554
Þjónustugjöld banka	20.796	30.000	26.918
Gjafir	0	50.000	38.922
Pappír, prentun og ritföng	0	100.000	13.520
Annar kostnaður	0	120.000	0
	3.143.539	2.840.000	2.510.163

Sundurliðanir frh.

	Ársreikningur 2019	Fjárhags- áætlun 2019	Ársreikningur 2018
Funda- og ferðakostnaður			
Aðalfundur	1.942.350	3.000.000	2.850.422
Aktur vegna nefndastarfs	1.870.000	2.500.000	2.091.320
Annar ferða- og fundakostnaður	445.392	1.500.000	1.004.718
Stjórnarfundir	378.067	300.000	228.397
Samstarf Landshlutasamtaka	369.019	250.000	278.100
Ráðstefnur o.fl.	51.641	100.000	0
	5.056.469	7.650.000	6.462.957
Sérverkefni, beinn kostnaður			
Sóknaráætlun:			
Uppbyggingarsjóður Austurlands	58.316.000	55.500.000	56.598.500
Áhersluverkefni	42.795.776	44.790.000	41.400.000
Menningarmiðstöðvar	15.000.000	15.000.000	15.000.000
Miðstöð menningarfræða og Breiðdalssetur	14.380.000	12.800.000	12.800.000
Uppbyggingarsjóður umsýsla	7.000.000	7.000.000	7.000.000
Annar rekstur	6.651.025	8.500.000	3.559.224
Nefndar- og ferðakostnaður	1.930.428	1.500.000	1.494.184
	146.073.229	145.090.000	137.851.908
Almenningssamgöngur:			
Rekstur almenningssamgangna	86.000.004	84.000.000	62.925.783
Lögfræði- og málskostnaður	793.800	4.000.000	811.330
Stjórnun og umsýsla	285.682	0	1.607.915
Annar kostnaður	0	0	873.745
	87.079.486	88.000.000	66.218.773
Svæðisskipulag:			
Annar rekstrarkostnaður	2.532.951	10.000.000	479.848
Verkefnastjórnun og nefndarkostnaður	2.154.321	2.000.000	15.610.486
	4.687.272	12.000.000	16.090.334
Byggðaaætlun:			
Styrkir vegna byggðaaætlun	21.000.000	24.500.000	20.000.000
Annad:			
Ljósmyndasafn Austurlands	916.429	917.000	872.789
Menningarverðlaun SSA	250.000	250.000	250.000
Annar kostnaður	0	500.000	0
	1.166.429	1.667.000	1.122.789
Sérverkefni, beinn kostnaður samtals	260.006.416	271.257.000	241.283.804



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39

700 Egilsstaðir

ssa.is

ssa@ssa.is

